



Ársskýrsla 2022

Þjóðskjalasafn Íslands





ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ársskýrsla 2022
Þjóðskjalasafn Íslands

Útgefandi:
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplýsingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

© Júní 2023 Þjóðskjalasafn Íslands

Ársskýrsla Þjóðskjalasafns Íslands 2022

Yfirlit um starfsemi



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

Ávarp Þjóðskjalavardar	5
1. Þjóðskjalasafn	6
Þjóðskjalasafn sem stjórnsýslustofnun.....	6
Minni íslensks samfélags	6
Ný stefna 2022–2027	6
2. Innri starfsemi	8
Stjórnarnefnd 2019–2022	8
Skipulag og stjórnun	8
Starfsemi á árinu	9
Innviðaverkefni	9
Mannauður.....	9
Rekstrar- og efnahagsreikningur	10
Húsnæðismál	10
Grænt Þjóðskjalasafn	11
Jafnlaunavottun	12
Jafnréttismál	12
3. Skjalavarsla og skjalastjórn	13
Afhendingar pappírsskjala	13
Afhendingar rafrænna gagna	13
Grisjunarbeiðnir	14
Málalyklar og skjalavistunaráætlanir	14
Tilkynning rafrænna gagnasafna	14
Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila	15
Námskeið	15
Námskeið hjá Starfsmennt og fræðsla fyrir presta	16
Nýjar leiðbeiningar	16
Forvarsla	16
Einkaskjalasöfn.....	16
Skráning skjalasafna	17
4. Aðgengi og þjónusta	18
Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is	18
Útlán og notkun skjala	18
Fyrirspurnir vegna safnkosts	19
Heimsóknir á lestrarsal	19
5. Sýningar, viðburðir og rannsóknir	20
140 ára afmæli Þjóðskjalasafns	20
Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns stofnuð	20
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns.....	20
Rannsóknadagur – heildarútgáfu Landsnefndarinnar fyrri fagnað	21

Þjóðlendu- og landamerkjaverkefni	21
Annað bindi Yfirréttarins.....	22
Skil á skjölum til Þýskalands.....	23
Samstarf við Háskóla Íslands um nám í hagnýtri skjalfræði	24
Tilnefning til verðlauna Hagþenkis.....	24
Norrænir skjaladagar í Stokkhólmi	24
Norræni skjaladagurinn.....	24
6. Miðlun	25
Vefir Þjóðskjalasafns	25
Stafræn endurgerð.....	25
Skráning sóknarmantala með styrk frá Byggðastofnun.....	25
Samstarf um stafræn hugvísindi	26
Afhending og skönnun á manntalinu 1952	26
Heimild mánaðarins.....	26
Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna.....	27
Samfélagsmiðlar	27
Arkir – fréttir af safnkosti	27
7. Samstarf opinberra skjalasafna	30
Vorfundur opinberra skjalasafna.....	30
Samráðshópur um einkaskjalasöfn	30
Heimsóknir á héraðsskjalasöfn	30
Styrkir til héraðsskjalasafna	30
8. Heimsmarkmið Sameiðnuðu þjóðanna	32
Viðauki 1.....	34
Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2023–2025	34
Viðauki 2.....	37
Starfsmenn Þjóðskjalasafns 1. desember 2022	37
Viðauki 3.....	38
Afhendingar 2022	38
Viðauki 4.....	47
Útgefin rit, erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns.....	47

ÁVARP ÞJÓÐSKJALAVARÐAR

Árið 2022 var stórafmælisár. Þjóðskjalasafn náði þeim merka áfanga að verða 140 ára. Safnið er með elstu starfandi stofnunum Íslands og rekur upphaf sitt til auglýsingar landshöfðingja frá 3. apríl 1882 um starfsemi landsskjalasafns. Í lok 19. aldar var talið brýnt að vel yrði haldið utan um stjórnsýsluleg gögn þess tíma, gögn sem síðar urðu sögulegar heimildir. Elstu þekktu ákvæðin um varðveislu skjala embættismanna á Íslandi eru þó frá 16. öld, þegar konungur gerði lénsmönnum sínum að varðveita gögn um rekstur lénsins Íslands með tryggilegum hætti. Sjá átti til þess að skjölin yrðu eftir í landinu við lénsmannsskipti og ekki yrði rof í þekkingu um ákvarðanir, eignir og fleiri mikilvæg mál.

Þetta á enn við. Þjóðskjalasafn Íslands sinnir mikilvægu hlutverki við að tryggja að upplýsingar um stjórnsýsluna og lífið í landinu varðveitist, bæði í fortíð og til framtíðar. Áskoranir í upplýsingaflæði samtímans eru samt sem áður margar, þótt aðferðir, umfang og aðgengi að gögnum hafi gerbreyst.

Afmælishátíð Þjóðskjalasafns var haldin með hátíðlegum brag þann 4. apríl. Tvennt bar þar hæst – ný stefna var gefin út og hollvinasamtök stofnuð. *Stefna Þjóðskjalasafns 2022-2027* markar ákveðin tímamót í starfseminni, en í henni er lögð áhersla á stafræna umbreytingu. Samtíminn kallar á nýjar áherslur og nýjar lausnir í langtímavörslu skjala- og gagnasafna og miðlun upplýsinga til notenda. Í stefnunni eru sett fram markmið og aðgerðir til að tryggja varðveislu og aðgengi að upplýsingum, hvort heldur það snýr að eldri safnkosti eða rafrænum gögnum sem verða til í samtímanum.

Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns Íslands voru formlega stofnuð á afmælishátíðinni. Verulega ánægjulegt var að samtökin voru stofnuð við þetta tilefni. Meginmarkmið samtakanna er að treysta tengsl almennings við safnið og auka skilning á mikilvægi varðveislu heimilda um stjórnskipan, stjórnsýslu, borgaraleg réttindi og sögu íslensku þjóðarinnar. Helstu verkefni sem hin nýstofnuðu samtök munu beita sér fyrir verða m.a. söfnun einkaskjalasafna, að halda góðum tengslum við almenning og standa að upplýsandi viðburðum og fræðslu um málefni tengd safninu.



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður

1.

ÞJÓÐSKJALASAFN

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; stjórnarsýsla og skjalastjórn hins opinbera annars vegar og menningarhlutverk og langtímavarðveisla skjalasafna hins vegar. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír) er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir því einni af grunnstöðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveislu og aðgengi að upplýsingum. Það gerir það m.a. með því að setja stjórnarsýslunni reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt, gagnsæi og aðgengi.

Þjóðskjalasafn sem stjórnarsýslustofnun

Sem stjórnarsýslustofnun hefur Þjóðskjalasafn með höndum ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila, sem og eftirlit með skjalahaldi þeirra. Í þessu skyni setur þjóðskjalavörður reglur um skjalavörslu og skjalastjórn, sem menningar- og viðskiptaráðherra staðfestir. Með reglubundnu millibili gerir safnið rafrænar eftirlitskannanir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og fylgir þeim eftir með sértæku eftirliti út frá þeim þáttum sem koma fram í niðurstöðum þeirra. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Að auki hefur Þjóðskjalasafn eftirlit með héraðsskjalasöfnum sem starfandi eru á landinu. Því til viðbótar heyrar undir Þjóðskjalasafn sveitarfélög á svæðum þar sem ekki eru starfandi héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að skjölum og gögnum sem það hefur í vörslu sinni á grundvelli laga, þar sem hagsmunir og réttindi borgaranna, fyrirtækja og stofnana eru höfð að leiðarljósi.

Minni íslensks samfélags

Stundum er talað um skjalasöfn og skyldar stofnanir sem „minnisstofnanir“ samfélagsins (memory institutions). Það á vel við og lýsir

menningarlegu hlutverki Þjóðskjalasafns. Það varðveitir heimildir um íbúa landins, stofnanir þess, stjórnarsýsla, atvinnulíf, félagslíf og menningu frá elstu tímum til samtímans.

Rétt meðhöndlun skjala samkvæmt reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns er lykillinn að því að skjalasöfn varðveitist til framtíðar. Afhendingarskyldir aðilar, sem fara eftir lögum og reglum, ganga frá gögnum sínum til afhendingar og skila þeim inn til safnsins ásamt skráum og lýsigögnum. Skrárnar fara svo fljótt sem verða má í birtingu í skjalaskrá Þjóðskjalasafns og gögn eru afgreidd til notenda samkvæmt gildandi lögum. Einkaskjöl koma eftir öðrum leiðum og leitast er við að aðstoða þá sem afhenda þau við frágang til að skjölin verði sem aðgengilegust.

Saman mynda opinber skjöl og einkaskjöl minni íslensks samfélags. Til að tryggja langtíma vörslu þessara skjala er hugað að því að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið með fyrirbyggjandi forvörslu. Styrkjandi forvörslu er líka beitt þar sem það á við, gert við mikilvæg gögn til að tryggja vörslu þeirra til framtíðar, auk þess sem skönnun og birting skjala á vef er mikilvægur hlekkur í að gera menningararfinn aðgengilegan. Skönnun skjala hefur tvíþætt markmið, að bjarga upplýsingum á gögnum sem ekki þola meðhöndlun og útlán auk þess að gera skjöl aðgengilegri almenningi í rafrænum lestarsal.

Ný stefna 2022-2027

Ný stefna fyrir Þjóðskjalasafn Íslands til næstu fimm ára var kynnt á 140 ára afmælishátíð safnsins þann 4. apríl 2022. Stefnan, sem nær yfir árin 2022-2027, markar ákveðin tímamót í starfsemi minni með áherslu á stafræna umbreytingu. Upplýsingatæknisamfélag 21. aldar kallar á nýjar áherslur og nýjar lausnir í langtíma vörslu skjala- og gagnasafna og miðlun upplýsinga til notenda. Þjóðskjalasafn Íslands sinnir bæði fortíð og framtíð - varðveitir heimildir um sögu og samtíma Íslands og sér um framkvæmd opinberrar skjalavörslu og

skjalastjórnar. Starf safnsins hvílir því á tveimur meginstólpum. Minni Íslands úr fortíðinni er varðveitt í skjölum fyrri tíma og tryggir langtímaminni þjóðarinnar. Gögn og upplýsingar samtímans eru varðveittar til að tryggja hag stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna. Menningin og stjórnsýslan verða ekki aðskilin í starfsemi Þjóðskjalasafns, hvort tveggja er mikilvægt fyrir framtíðina.

Í stefnu Þjóðskjalasafns eru sett fram markmið og aðgerðir til að tryggja varðveislu og aðgengi að upplýsingum með styrkri áherslu á stafræna

umbreytingu, hvort heldur það snýr að eldri safnkosti eða rafrænum gögnum sem verða til í samtímanum. Sjálfbærni í allri starfsemi safnsins er lykilþáttur til framtíðar. Starfsemi Þjóðskjalasafns til næstu fimm ára byggir á gildunum *traust*, *faðmennska* og *framsýni*. Með nýjum áherslum í stefnu safnsins til næstu fimm ára er hafin vegferð til að ná enn frekari árangri í stafrænum verkefnum samtímans og hyggst safnið með þeim leggja sín lóð á vogarskálarnar í vegferð ríkisins í stafrænni umbreytingu sem þegar er hafin og tryggja varðveislu á mikilvægum upplýsingum samfélagsins.



2.

INNRI STARFSEMI

Stjórnarnefnd 2019-2022

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneytið. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Stjórnarnefndin veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Stjórnarnefnd er skipuð af menningar- og viðskiptaráðherra. Hana skipuðu frá 1. janúar 2019.

Aðalmenn:

Anna Agnarsdóttir,

formaður, skipuð án tilnefningar.

Guðmundur Jónsson, varaformaður, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir,

tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Gunnar Örn Hannesson, tilnefndur af

starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

Svanhildur Bogadóttir,

tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Gunnar Gíslason,

tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

Valur Ingimundarson,

skipaður án tilnefningar.

Erla Hulda Halldórsdóttir,

tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Ómar H. Kristmundsson,

tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Karen Þóra Sigurkarlsdóttir,

tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

Jóna Símónía Bjarnadóttir,

tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ágúst Sigurðsson,

tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarnefnd fundaði tvisvar á árinu 2022, 23. febrúar og 30. nóvember. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins.

Skipulag og stjórnun

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands sýnir starfsemi stofnunarinnar. Nýtt skipurit tók gildi 1. mars 2022. Markmið nýs skipurits er að styrkja betur nýjar áherslur í verkefnum safnsins. Með nýju skipuriti voru fyrri svið safnsins lögð niður og aukin áhersla lögð á fageiningar. Til urðu tvær skrifstofur, skrifstofa skjalavörslu og skjalastjórnar sem aðstoðarþjóðskjalavörður stýrir og skrifstofa rekstrar sem framkvæmdastjóri rekstrar stýrir. Fageiningarnar eru sjö talsins, þ.e. gagnaskil og eftirlit, stafræn endurgerð, fræðsla og rannsóknir, skráning, upplýsingaþjónusta, varðveisla og húsnæði. Fagstjórar stýra fageiningum safnsins. Þjóðskjalavörður, aðstoðarþjóðskjalavörður og framkvæmdastjóri rekstrar mynda framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði vikulega.

Framkvæmdastjórn í árslok 2022:

Hrefna Róbertsdóttir,

þjóðskjalavörður

Njörður Sigurðsson,


aðstoðarþjóðskjalavörður

Þuríður Árnadóttir,

framkvæmdastjóri rekstrar

Skipurit Þjóðskjalasafns

Frá 1. mars 2022



Starfsemi á árinu

Starfsemi ársins 2022 var fjölbreytt. Safnið fagnaði 140 ára afmæli, ný stefna til næstu fimm ára var sett og mikilvæg skref voru tekin í stafrænni vegferð Þjóðskjalasafns.

Eins og undanfarin ár tók Þjóðskjalasafn þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ á vegum Sameykis og lenti í 46. sæti af 57 stofnunum í hópnum „Minni stofnanir“. Heildareinkunn var 3,92 (4,092 árið 2021 og 4,298 árið 2020). Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um ánægju og líðan starfsmanna og eru leiðbeiningar fyrir stjórnendahóp safnsins um hvar má gera betur.

Innviðaverkefni

Stafræn vegferð Þjóðskjalasafns er nú komin í góðan farveg. Árin 2020–2021 var gerð úttekt á rafrænum innviðum safnsins af KPMG til að sjá hvar þyrfti að bæta starfsemina til að efla safnið í varðveislu og miðlun rafrænna gagna. Frá 2020 hafa svo komið auknar fjárveitingar til Þjóðskjalasafns, bæði til að gera úttektir og til stefnumótunar um stafræna vegferð safnsins, til fjárfestingar í nýjum tæknilausnum og til að ráða inn fleiri sérfræðinga með tækniþekkingu til að leiða þessa stafrænu vegferð. Í áðurnefndri stefnu Þjóðskjalasafns voru sett fram 12 markmið og snúa

sex þeirra sérstaklega að stafrænni vegferð. Þá var nýtt skipurit innleitt samhliða þar sem áhersla er á að styrkja stafræna innviði. Tvær nýjar fageiningar voru settar á stofn sem snúa sérstaklega að stafrænni umbreytingu, þ.e. fageiningin *gagnaskil og eftirlit* sem leiðir stafræna umbreytingu safnsins og fageiningin *stafræn endurgerð* sem hefur það verkefni að koma meira af safnkostinum á rafrænt form til miðlunar á vefinn. Þá er í burðarliðnum tilraunaverkefni með magnskönnun pappírskjala, þ.e. að skanna mikinn fjölda gagna á stuttum tíma með sérstökum skönnum, og undirbúningur að innleiðingu á nýrri tæknilausn til að halda utan um safnkostinn var kominn vel á veg undir lok árs. Á árinu 2022 hófust ráðningar á starfsfólki til að vinna að verkefnum í stafrænni vegferð og mun Þjóðskjalasafn auglýsa eftir fleira starfsfólki á árinu 2023.

Mannauður

Þjóðskjalasafn hefur á að skipa hæfu og reynslumiklu starfsfólki á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði stjórnsýslu og miðlunar. Í árslok 2022 var starfsfólk alls 39, þar af voru tveir í leyfi. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu voru 34,6. Stærstur hlutinn er í fullu starfi en tíu voru í hlutastörfum. Á árinu létu fimm starfsmenn af störfum, þar af einn vegna aldurs

Ársverk við safnið voru 33,7. Fjöldi kvenna var 19 og fjöldi karla 20.

Meðalaldur starfsfólks í árslok 2022 var 47 ár og meðalstarfsaldur var 9,9 ár. 46% starfsfólks (18 manns) hefur starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í 10 ár og 36% (14 manns) skemur en 5 ár. Háskólamenntaðir starfsmenn eru 85% og eru sagnfræðingar í miklum meirihluta.

Rekstrar- og efnahagsreikningur

Á árinu 2022 var framlag úr ríkissjóði til rekstrar alls 505 m.kr. borið saman við 369,2 m.kr. árið 2021. Samkvæmt ársreikningi 2022 var afkoma Þjóðskjalasafns Íslands í heild jákvæð um 49,8 m.kr. en var neikvæð um 54,7 m.kr. á árinu 2021.

Rekstrargjöld ársins námu 617,9 m.kr. Stærsti útgjaldaliðurinn eru laun 401,8 m.kr. (65% heildarútgjalda). Launakostnaður hækkaði um 12,7 m.kr. milli ára en ársverk voru nær óbreytt 33,7 árið 2022 en 34 árið 2021.

Laun, aðkeypt þjónusta og húsnæði nema um 86% af heildarrekstrarkostnaði.

Þjóðskjalasafn hefur ekki greitt leigu fyrir húsnæðið á Laugavegi og því er húsnæðiskostnaður einungis þriðji stærsti útgjaldaliður stofnunarinnar árið 2022 (10% heildarútgjalda). Þetta mun breytast á næsta ári, en samkomulag var gert um að FSRE taki yfir húsnæði Þjóðskjalasafns frá áramótum.

Sértekjur ársins námu alls 147,8 m.kr., þar meðtalið er framlag ráðuneytisins til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr. sem Þjóðskjalasafn annast milligöngu um, styrkur Alþingis til útgáfu Yfirréttarins 10 m.kr. og framlag til húsaleigu vegna húsnæðis að Höfðabakka 7 12 m.kr. Sérfræðiþjónustuverkefni skiluðu alls um 79 m.kr., og eru þar tvö verkefni

langstærst (Óbyggðanefnd 42 m.kr. og útseld vinna vegna frágangs skjalasafna um 35 m.kr.).

Jákvæð afkoma í árslok skýrist að stærstum hluta af því að ekki var lokið við að ráða í stöður sem fjárveiting var fyrir og kostnaður vegna þeirra dekkaði ekki allt árið. Þá voru sértekjur hærri er ráð var fyrir gert.

Fjárfestingar ársins námu alls 10,5 m.kr.

Húsnæðismál

Þjóðskjalasafn Íslands er með aðalstarfsstöð sína og skjalageymslur að Laugavegi 162. Auk þess er stofnunin með skjalageymslur að Höfðabakka 7 í Reykjavík. Húsnæði Þjóðskjalasafns undir árslok 2022 alls 9.170 m².

Í upphafi árs var lokið við uppsetningu á brettahillum á Höfðabakka 7. Viðtaka, staðsetningarákvörðun og uppröðun skjalasafna var fyrirferðarmikið verkefni á árinu. Þar sem laust pláss í hillum á Laugavegi 162 var orðið af skornum skammti þurfti að velja hvað færi í hillur þar og hvað færi í fjargeymslu á Höfðabakka. Vegna framkvæmda leigusala við húsnæði á Höfðabakka fór nokkur vinna í að færa til skjalasöfn.

Engin stór viðhaldsverkefni á húsum safnsins voru í gangi á árinu, aðeins smærri tilfallandi viðhaldsvinna. Brugðist var við ábendingum eftirlitsaðila varðandi umbætur á brunavörnum, aðallega vegna breyttrar nýtingar á húsnæði.

Í upphafi árs 2022 lágu fyrir drög að þarfagreiningu í frummatsskýrslu um framtíðarhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn sem unnin var af FSRE fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Rekstraryfirlit (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
2 Sértekjur	-147.015.821	-119.500.000	27.515.821	23,03
01 Laun	398.775.760	439.289.971	40.514.211	-9,22
02 Ferðir og fundir	9.685.509	8.529.992	-1.155.517	13,55
03 Rekstrarvörur	27.542.355	20.455.008	-7.087.347	34,65
04 Aðkeypt þjónusta	66.445.588	51.934.992	-14.510.596	27,94
05 Húsnæði	64.561.525	68.709.992	4.148.467	-6,04
06 Bifreiðar og vélar	1.054.264	300.000	-754.264	251,42
07 Rekstrarkostnaður	49.917.576	45.048.068	-4.869.508	10,81
Samtals	470.966.756	514.768.023	43.801.267	-8,51

Grænt Þjóðskjalasafn

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Liður í þeirri viðleitni er innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001:2015 umhverfisstjórnunarstaðlinum sem safnið fékk vottað í júní. Með stjórnkerfinu er haldið utan um markmið stofnunarinnar í umhverfismálum og kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar á því sviði.

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt grænum skrefum í ríkisrekstri en markmið þeirra er m.a. að innleiða áherslur ríkisins í umhverfismálum sem þegar hafa verið samþykktar og að gera aðgerðir stofnana í umhverfismálum sýnilegar. Þjóðskjalasafn tók sitt fimmta græna skref í janúar 2021 og hefur því tekið öll skrefin. Í samræmi við græn skref og innkaupastefnu ríkisins frá 2021 leggur Þjóðskjalasafn áherslu á hagkvæm og vistvæn innkaup. Markvisst er unnið að því að gera Þjóðskjalasafn að umhverfisvænum vinnustað. Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál er hluti af reglulegri fræðslu, starfsfólki er boðið upp á

samgöngusamninga og góða aðstöðu fyrir hjólandi, en Þjóðskjalasafn hefur hlotið gullvottun fyrir að vera hjólavænn vinnustaður.

Umhverfis- og loftlagsstefna Þjóðskjalasafns Íslands tekur til umhverfisáhrifa af rekstri og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar. Stefnan tekur til umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni. Stefnan er rýnd árlega af framkvæmdastjórn, markmið sett, árangur mældur og upplýsingum um árangur miðlað.

Þjóðskjalasafn Íslands tengir starfsemi sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem voru samþykkt árið 2015. Umhverfis- og loftslagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðunum, með sérstakri áherslu á markmið 8 (nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt), 11 (vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgangur), 12 (vistvæn innkaup), 13 (stefnumótun í loftslagsmálum) og 17 (samstarfsverkefni milli opinberra aðila og einkaaðila).



Jafnlaunavottun

Þjóðskjalasafn fékk jafnlaunavottun í byrjun árs 2019 og framkvæmir árlega jafnlaunagreiningu innan stofnunarinnar. Árið 2022 var niðurstaða greiningarinnar innan þeirra jafnlaunamarkmiða sem stofnunin hefur sett sér. Stefna Þjóðskjalasafns er að starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn óútskýrður launamunur sé til staðar.

Jafnréttismál

Í jafnréttisáætlun Þjóðskjalasafns eru sett fram fjölþætt markmið, s.s. um kynjasambættingu, launajafnrétti og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Áætlunin miðar m.a. að því að tryggja jafnan rétt starfsfólks og stuðla að jafnri stöðu og virðingu. Jafnréttisáætlun fjallar einnig um verkefni jafnréttisnefndar sem eru að stuðla að fræðslu og

skapa umræðu um jafnréttismál. Tvö fræðsluerindi voru flutt á vegum jafnréttisnefndar í mars og október. Annars vegar flutti Þorsteinn V. Einarsson kynjafræðingur og aktivisti erindi um hvernig og hvers vegna jákvæð karlmennska styður við jafnrétti og hvernig skaðleg karlmennska bitnar á strákum og körlum. Hins vegar flutti Tóttla I. Sæmundsdóttir, fræðslustýra Samtakanna '78, erindið „Hinsegin 101. Kynhneigð og kynvitund“ þar sem fjallað var m.a. um kyneinkenni og kynþjáningu, grunnhugtök og orðanotkun. Þá kynnti nefndin árlegt stöðumat jafnréttismála í Þjóðskjalasafni á fundi í maí 2022.

Jafnrétti hefur verið mælt í könnuninni „Stofnun ársins“ undanfarin ár. Árið 2022 fékk Þjóðskjalasafn 4,14 af 5,0 mögulegum í könnuninni.

3.

SKJALAVARSLA OG SKJALASTJÓRN

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og gegnir hlutverki opinbers skjalasafns. Sem slíkt setur safnið reglur um skjalahald afhendingarskyldra aðila, samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum, veitir ráðgjöf um skjalamál, veitir heimild til eyðingar skjala og hefur eftirlit með framkvæmd laga um opinber skjalasöfn og reglna sem settar eru á grundvelli laganna. Þá tekur safnið við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkis og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Pappírsskjöl á að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn að jafnaði ekki eldri en fimm ára. Þjóðskjalasafn tekur jafnframt við einkaskjalasöfnum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Afhendingar pappírsskjala

Árið 2022 tók Þjóðskjalasafn við 1.266 hillumetrum af pappírsskjölum í 161 afhendingu. Heildarsafnkostur pappírsskjala í Þjóðskjalasafni í lok árs 2022 var 47.025 hillumetrar.

Afhendingar rafrænna gagna

Alls voru afhent 2198 Gb. af rafrænum gögnum

í 12 afhendingum á árinu 2022. Þjóðskjalasafn hefur tekið við svokölluðum vörsluútgáfum af rafrænum gögnum frá árinu 2010 þegar rafræn skjalavarsla hófst í safninu. Heildarsafnkostur rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni í lok árs 2022 var um 4.593 Gb.


47.025 hm

AF PAPPÍRSSKJÖLUM

4.593 Gb

AF RAFRÆNUM GÖGNUM

Afhentir hillumetrar pappírsskjala 2013-2022



Grisjunarbeiðnir

Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavardar, í samræmi við reglur sem settar eru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavardar fyrir eyðingu skjala þarf að sækja um hana á sérstöku eyðublaði, svokallaðri grisjunarbeiðni. Grisjunarbeiðnir eru afgreiddar af þjóðskjalaverði á afgreiðslufundum sem haldnir eru tvisvar í mánuði með ráðgjöf frá aðstoðarþjóðskjalaverði og fagstjóra eftirlits og ráðgjafar. Á árinu 2022 bárust Þjóðskjalasafni 130 beiðnir um grisjun skjala. Á árinu 2022 var eyðing heimilud í 99 tilvikum en hafnað í sjö tilvikum. Þá voru tvær beiðnir samþykktar að hluta og sex beiðnir bárust þar sem heimild var til staðar og átti því ekki við. Í lok árs 2022 voru 16 grisjunarbeiðnir sem biðu afgreiðslu.


Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málafni sínu og skjalavistunaráætlanir til að hafa yfirlit yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um það. Þjóðskjalasafn samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum samkvæmt reglum þar um. Árið 2022 voru samþykktir alls 25 málalyklar. Þá voru samþykktar 13 skjalavistunaráætlanir og hafa aldrei fleiri verið samþykktar, en þær voru 12 árið 2021.


Tilkynning rafrænna gagnasafna

Undanfari afhendinga á rafrænum gögnum er að afhendingarskyldir aðilar tilkynni rafræn gagnasöfn sem þeir nota og Þjóðskjalasafn úrskurðar svo um varðveislu þeirra og hvenær afhenda skuli vörsluútgáfu gagna úr þeim. Á árinu 2022 bárust alls 48 tilkynningar um rafræn gagnasöfn og úrskurðaði safnið um 26 þeirra.


Grisjunarbeiðnir 2022



Samþykktir málalyklar 2013-2022



Tilkynningar rafrænna gagnasafna 2018-2022



Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskylda aðila

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn, sem skjalaverðir safnsins svöruðu á árinu 2022 voru samtals 575 en voru á síðasta ári 694. Eins og fyrri ár voru langflestar fyrirspurnir um rafræna skjalavörslu.

Þjóðskjalasafn bauð á árinu upp á námskeið fyrir afhendingarskylda aðila um helstu þætti í skjalavörslu og skjalastjórn. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum fjarfundabúnaðinn Microsoft Teams og voru námskeiðin gjaldfrjál. Aðsóknin að námskeiðunum var mjög góð en alls voru skráðir 604 þátttakendur á þau tíu námskeið sem kennd voru á vor- og haustmisseri 2022.

Þá voru gefin út átta ný fræðslumyndbönd á Youtube-rás Þjóðskjalasafns á árinu. Undir lok árs 2022 voru myndböndin alls orðin 37 talsins.

Skjalafréttir, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn, hefur komið út frá árinu 2014. Áskrifendur undir lok ársins voru 500 en á árinu 2022 komu út 16 tölublöð.

Námskeið

11. janúar – *Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu og skjalastjórn og*

gerð skjalavistunaráætlunar (71 skráður)

18. janúar – *Afhendingar rafrænna gagna, undirbúningur og góð ráð* (57 skráðir)

1. febrúar – *Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala* (82 skráðir)

15. febrúar – *Tilkynningar og afhendingar á eldri rafrænum gagnasöfnum* (58 skráðir)

6. apríl – *Spurt og svarað um rafræn gagnasöfn* (66 skráðir)

18. október – *Hverju má henda? Um grísjun skjala* (56 skráðir)


1. nóvember – *Skráning mála og málgagna* (56 skráðir)

15. nóvember 2022 – *Er röð og regla á málafninu? Gerð málalykla* (49 skráðir)

22. nóvember – *Hvað á að gera við tölvupóstinn? Um varðveislu og eyðingu á tölvupósti* (50 skráðir)

6. desember 2022 – *Tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum. Eldri og yngri gagnasöfn* (59 skráðir)

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn árið 2022



Námskeið hjá Starfsmennt og fræðsla fyrir presta

Á árinu 2022 kenndu skjalaverðir Þjóðskjalasafns á námskeiðum hjá Starfsmennt en það samstarf hófst undir lok árs 2021. Námskeiðin voru hluti af svokölluðum launaskóla og er námsleið fyrir launafulltrúa og þá sem koma að kjara- og starfsmannamálum hjá ríki og sveitarfélögum. Námskeið sem skjalaverðir Þjóðskjalasafns kenndu hjá Starfsmennt voru um meðferð skjala og skjalavistun og um grisjun skjala.

Þjóðskjalasafn Íslands og Biskupsstofa, fyrir hönd þjóðkirkjunnar, hafa undanfarið átt í samstarfi um skjalamál prestakalla. Markmiðið er að til verði sértækar og handhægar leiðbeiningar um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla og að fræðsla um skjalahald fyrir presta verði eftir. Sem liður í þessari vinnu og til að fá yfirlit yfir ástand skjalamála prestakalla efndi Þjóðskjalasafn til könnunar á skjalavörslu og skjalastjórn þeirra á síðasta ári. Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar var gefin út árið 2021. Á árinu 2022 hefur í Þjóðskjalasafni verið unnið að gerð leiðbeiningarits um skjalahald prestakalla og er stefnt að því að það verði gefið út eftir að samráðsferli við prestaköll er lokið. Starfsmenn Þjóðskjalasafns fengu tækifæri til að kynna þessa vinnu á presta- og djáknastefnu á Hótel Laugarbakka í Miðfirði 28. apríl 2022 og eiga samtalið við presta um skjalamál prestakalla.



Heiðar Lind Hansson, skjalavörður, flytur fræðsluerindi á presta- og djáknastefnu.

Nýjar leiðbeiningar

Nýjar leiðbeiningar um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum voru gefnar út í lok árs 2022. Um er að ræða leiðbeiningar sem tengjast reglum Þjóðskjalasafns um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum nr. 331/2020. Í leiðbeiningunum er farið ítarlega yfir þær heimildir sem veittar eru í reglunum varðandi eyðingu tölvupósta ásamt því hvernig á að varðveita og fara með þá.

Forvarsla

Fjölbreytt verkefni voru í varðveislu og viðhaldi á safnkosti Þjóðskjalasafns á árinu. Skipt var um umbúðir á stærri teikningum í skjalasafni byggingalistadeildar sem inniheldur teikningar frá helstu arkitektum þjóðarinnar. Ráðist var í umbúðaskipti á kirkjubókum en sökum þess hve stórt verkefnið er þarf að vinna það í áföngum. Fyrsta áfanga var lokið á árinu og verður haldið áfram með verkefnið á næstu tveimur árum.

Ástandsskoðun á hluta af Biskupskjalasafni leiddi í ljós að skjöl í 78 öskjum af 270 (29%) voru í óásættanlegu ástandi og mygla var í 24 öskjum (9%). Hafist var handa við að hreinsa og ganga betur frá þessum skjölum og náðist að klára að ganga frá 22 öskjum á árinu.

Nokkur verkefni komu til vegna skönnunar á skjölum en áður en skjöl eru skönnuð eru þau ávallt ástandsskoðuð af forverði og starfsfólki í varðveislu. Skipta þurfti út umbúðum og fara yfir hönnunargögn fyrir frímerki sem skönnuð voru á árinu og sérsníða þurfti hluta af umbúðum fyrir þessi gögn. Þá þurfti að undirbúa 76 manntalsbækur frá 1952 fyrir skönnun. Gert var við fjórar manntalsbækur frá 1870 fyrir skönnun.

Eitt af reglubundnum verkefnum forvörslunnar er að taka við viðgerðarbeiðnum frá lestrarsal vegna óska gesta um að skoða skjöl og var tekið við nokkrum slíkum verkefnum á árinu. Einnig er reglulega tekið við beiðnum um sérsniðnar umbúðir fyrir einstaka verkefni sem unnin eru innan Þjóðskjalasafns, t.d. vegna frágangs skjalasafna.

Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna eftirliti í geymslum, t.d. skordýravöktun og umhverfismælingum (eftirliti með hita- og rakastigi).

Einkaskjalasöfn

Í Þjóðskjalasafni er að finna stærsta safn einkaskjalasafna á Íslandi, þ.e. skjalasöfn einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Á starfsárinu 2022 var tekið við 79 afhendingum einkaskjalasafna sem telja um 226 hillumetra. Frágangi er lokið á rúmlega helmingi þeirra eða 43 afhendingum. Einkaskjalasöfnin eru afar fjölbreytt og koma úr ýmsum áttum. Um getur verið að ræða stórar afhendingar sem telja í umfangi í tugum hillumetra, frá aðilum eins og Ungmennafélagi Íslands og Félagi atvinnurekenda. Nokkur teikningasöfn voru

afhent og þá voru afhent til varðveislu gagnmerk gögn úr fórum Jóns Hjaltalíns Sveinbjörnssonar (1876–1953) konungsrítara. Eitt athyglisverðasta safnið sem afhent var á árinu samanstendur af gögnum úr Fatasöfnun Rauða krossins. Þar hafði starfskraftur samvisskusamlega safnað pappírnum og myndum sem borist höfðu með fatnaði til fatasöfnunarinnar um 15 ára skeið.

Skráning skjalasafna

Á árinu 2022 hefur verið unnið að frágangi og skráningu eldri pappírsskjalasafna í Þjóðskjalasafni sem hafa verið varðveitt á vörubrettum. Á árinu voru skráðir um 1.600 hillumetrar af skjölum frá 125 skjalamyndurum, þ.e. stofnunum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða einstaklingum. Þessi skjalasöfn, sem áður voru ekki aðgengileg notendum eru það nú.

Þá voru hreinsuð úr geymslum Þjóðskjalasafn um 170 hillumetrar af gögnum sem töldust ekki til

skjala en höfðu borist með skjalasöfnum á síðustu áratugum, t.d. prentað efni. Einnig voru fylgiskjöl fjárhagsbókhalds grisjuð úr safnkostinum sem nam um 300 hillumetrum á árinu, skv. viðmiðunum sem um þau gilda. Ávinningur hreinsunar og grisjunar í geymslum safnsins á árinu 2022 var því nálægt því að vera hálfur hillukílómetri (um 470 hm).

Áframhaldandi vinna við frágang og skráningu á eldri safnkosti sem hefur verið óaðgengilegur mun halda áfram á næsta ári. Hér er um gríðarlega mikilvægt aðgengismál að ræða og munu notendur taka eftir mikilli aukningu í fjölda skjalasafna sem árlega eru gerð aðgengileg til notkunar í þessu mikilvæga verkefni.



Ýmislegt kemur í ljós við frágang skjalasafna, m.a. þessi borði úr skjalsafni Alþýðusambands Íslands sem skjalaverðirnir Jón Torfi Arason og Hans Hreinsson halda á milli sín.

4.

AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem er aðgengileg öllum á vef safnsins, er að finna upplýsingar um safnkostinn. Enn er einungis hluti safnkostsins skráður í rafrænu skjalaskrána og er stöðugt unnið að því að koma inn eldri skrá, en allar nýjar skrár eru þar aðgengilegar. Á árinu 2022 voru 256 skjalasöfn skráð í rafræna skjalaskrá safnsins sem töldu um 32.775 skjalaöskjur. Færslur í innri skjalaskrá safnsins voru undir lok árs 2022 um 1.369.000 talsins. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning, sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og var fjöldi færslna í henni um 1.240.000 í lok árs.

Þjóðskjalasafn rekur vefinn Einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn, en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu þeirra. Undir lok árs 2022 voru birtar upplýsingar um 9.335 einkaskjalasöfn á vefnum, þar af 2.332 frá Þjóðskjalasafni.


Útlán og notkun skjala

Árið 2022 voru 4.764 skjalaöskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota eða vegna láns til skjalamyndara. Er það fjölgun um 9% frá fyrra ári þegar pantaðar voru 4.351 askja. Útlánnum hefur farið fækkandi frá árunum 2019 (5.915 öskjur) og 2020 (5.312 öskjur).


Fyrirspurnir vegna safnkosts

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnir geta verið mismunandi að umfangi, allt frá einfaldri uppfléttingu í gögnum til umfangsmeiri og flóknari vinnu. Skriflegar fyrirspurnir árið 2022 vegna safnkosts voru 1.867 talsins og hafa þær dregist saman um 9% frá fyrra ári þegar þær voru 2.056.

Fjöldi askja í útlán 2018–2022



Gestafjöldi á lestrarsal 2018–2022



Heimsóknir á lestrarsal

Á lestrarsal Þjóðskjalasafns eru afgreiddar skjalaöskjur sem gestir safnsins hafa óskað eftir að fá að skoða. Alls sóttu 1.388 gestir lestrarsalinn árið 2022 en þeir voru 1.625 árið 2021 sem er fækkunin um 17% á milli ára. Frá árinu 2017 hefur gestum fækkað um 80%. Skýringar á þessari miklu fækkun má leita í því að meira af eftirsóttum skjölum hafa verið skönnuð og birt á vef Þjóðskjalasafns. Auk þess hefur notkun skjala á lestrarsal breyst þar sem gestir nýta sér nú tæknina í auknu mæli. Þeir taka myndir af skjölum á lestrarsal sem þeir skoða svo betur annarsstaðar og koma þess vegna sjaldnar á salinn. Lestrarsalurinn var fyrri hluta árs opinn alla virka daga ársins frá kl. 10–17 mánudaga til fimmtudaga og kl. 10–16 á föstudögum. Vegna fækkunar gesta á lestrarsal var afgreiðslutími á lestrarsal stytur, og var frá og með 15. ágúst mánudaga til fimmtudaga kl. 9:30–16 og lokað á föstudögum.

Skráðar fyrirspurnir	2021	2022
Beiðnir um aðgang	356	495
Almennar fyrirspurnir, vottorð og afrit	544	447
Veðmálabækur	381	263
Jarðir og landeignir	124	120
Bygginga- og skipulagsteikningar	126	113
Kirkjubækur/sóknarmanntöl	95	84
Skattaskýrslur	64	73
Vottorð um námsferil	73	71
Útlán (skjalamyndarar, millisafnalán o.fl.)	28	55
Einstaklingssaga / æviþættir	114	51
Aðrar beiðnir	32	47
Skipa- og lögskráningar	28	27
Samgöngur og farartæki	43	10
Sögulegir atburðir	21	10
Margþættar fyrirspurnir	20	1
Atvinnuvegir	7	0
Samtals	2.056	1.867



Kristinn Valdimarsson og Helga Lilja Bergmann taka á móti gestum á lestrarsal Þjóðskjalasafns Íslands.

5.

SÝNINGAR, VIÐBURÐIR OG RANNSÓKNIR

140 ára afmæli Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn Íslands fagnaði 140 ára afmæli þann 3. apríl 2022 og var hátíðardagskrá af því tilefni þann 4. apríl. Stofnun Þjóðskjalasafns miðast við auglýsingu landshöfðingja um starfrækslu landsskjalasafns þann 3. apríl 1882. Í upphafi varðveitti safnið skjöl helstu embætta sem rúmuðust á dómkirkjuloftinu í Reykjavík.

Hátíðardagskrá í tilefni afmælisins fór fram í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162. Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, flutti ávarp í tilefni tímamótanna ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands og Skúla Eggerti Þórðarsyni, ráðuneytisstjóra, sem flutti ávarp fyrir hönd menningar- og viðskiptaráðherra.



Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, tekur á móti Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, á 140 ára afmælishátíð Þjóðskjalasafns.

Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns stofnuð

Í tengslum við 140 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands þann 3. apríl 2022 voru stofnuð Hollvinasamtök safnsins. Undirbúningur að stofnun þeirra hafði staðið yfir um nokkurt skeið, en heimsfaraldur tafði stofnun þeirra.

Tilgangur Hollvinasamtakanna er að treysta tengsl almennings við safnið og auka skilning á mikilvægi varðveislu heimilda um stjórnskipan, stjórnsýslu, borgaraleg réttindi og sögu íslensku þjóðarinnar.

Helstu verkefni sem hin nýstofnuðu samtök munu beita sér fyrir verða m.a. söfnun einkaskjalasafna, tengsl við almenning og ungt fólk, auk þess sem samtökin verða vettvangur fyrir sjálfböðavinnu í þágu safnsins. Þá stefna samtökin að því að standa að upplýsandi viðburðum og fræðslu um málefni tengd safninu.

Hollvinasamtökin eru öllum opin og fer skráning fram í gegnum vefsíðu Þjóðskjalasafns.

Formaður Hollvinasamtakanna er Steinunn Valdís Óskarsdóttir en aðrir í fyrstu stjórn samtakanna eru; Guðjón Friðriksson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Magnús Karel Hannesson og Sigrún Magnúsdóttir. Varamenn eru Ólöf Garðarsdóttir og Mörður Árnason og skoðunarmenn Jón Torfason og Auður Hauksdóttir.

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns

Árleg vorráðstefna Þjóðskjalasafns fór fram þann 31. maí 2022 á Icelandair hótél Reykjavík Natura. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Hagur stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna* sem er bein vísun í 1. gr. laga um opinber skjalasöfn. Flutt voru fjögur erindi um skráningu mála, afhendingarskyldu einkaaðila, aðgang að gögnum og eftirlit Þjóðskjalasafns. Frummælendur voru Helga Jóna Eiríksdóttir, skjalavörður og lektor í skjalfræði við Háskóla Íslands, Benedikt Eyþórsson, fagstjóri upplýsingaþjónustu Þjóðskjalasafns, Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild

Háskóla Íslands. Alls sóttu 129 manns ráðstefnuna eða fylgdust með henni yfir vefinn en henni var líka streymt.



Frá vorráðstefnu 2022.

Rannsóknadagur – heildarútgáfu Landsnefndarinnar fyrri fagnað

Fjöldmenni lagði leið sína á Rannsóknadag Þjóðskjalasafns sem fram fór 15. september. Rannsóknardagurinn var að þessu sinni helgaður útgáfu sjötta og síðasta bindis í heildarútgáfu á skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770-1771 þar sem útgáfunni var fagnað í samstarfi við Sögufélag og Ríkisskjalasafn Danmerkur. Öll ráðstefnan var í streymi og túlkuð yfir á dönsku.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Adam Grønholm, staðgengill sendiherra Danmerkur á Íslandi tóku við fyrstu eintökunum af sjötta bindinu ásamt heildarsafni útgáfunnar úr hendi Hrefnu Róbertsdóttur þjóðskjalavardar. Ole Magnus Mølbak Andersen aðstoðarþjóðskjalavörður Ríkisskjalasafns Danmerkur flutti kveðju safnsins og þá flutti Anna Agnarsdóttir formaður stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, einnig ávarp. Kveðja var einnig flutt frá Augustinusarsjóðnum í Danmörku, en sjóðurinn hefur styrkt útgáfuna veglega.

Eftir setningarathöfn voru fluttir átta fyrirlestrar sem byggðir voru á rannsóknnum á skjölum Landsnefndarinnar fyrri. Erindi fluttu þau Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir ritstjóri landsnefndarútgáfunnar, Pétur Rasmussen þýðandi, Helgi Skúli Kjartansson prófessor emeritus, Guðrún Hildur Rosenkjær sagnfræðingur og klæðskeri, Christian Folke Ax safnvörður við Þjóðminjasafn Danmerkur, Kjartan Atli Ísleifsson sagnfræðingur, Kolbeinn Sturla G. Heiðarsson sagnfræðingur og Guðmundur Jónsson prófessor í sagnfræði.

Skjöl Landsnefndarinnar gefa einstaka innsýn inn í íslenskt samfélag á seinni hluta 18. aldar.

Landsnefndin fyrri var þriggja manna nefnd á vegum konungs sem ferðaðist um Ísland í eitt og hálft ár og safnaði upplýsingum um aðstæður í samfélaginu. Í skjalasafni nefndarinnar eru bréf frá almenningi, prestum, sýslumönnum og öðrum embættismönnum auk greinargerða og margvíslegra gagna frá nefndarmönnum sjálfum. Með þessari útgáfu eru skjölin orðin mun aðgengilegri til rannsókna á sögu átjándu aldarinnar. Vinna við heildarútgáfuna tók tíu ár og gefin voru út sex bindi auk þess sem öll skjölin hafa verið birt á vefsíðunni landsnefndin.is.

Verkefnið var styrkt af Rannís og Augustinusarsjóðnum danska og var unnið í samstarfi Þjóðskjalasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Danmerkur og Sögufélags. Ritstjórar útgáfunnar eru Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.



Pétur Rasmussen, þýðandi, flytur erindi á Rannsóknadögum 2022.

Þjóðlendu- og landamerkjaverkefni

Kerfisbundinni gagnaöflun fyrir svæði 10B, Ísafjarðarsýslur, lauk í maí á árinu. Þjóðskjalasafn tók saman myndir og uppskriftir af tæplega 3.200 skjölum um þær jarðir og þau svæði sem eru til meðferðar hjá óbyggðanefnd. Fjöldi skjala er töluvert meiri en hefur verið við sambærilega gagnaöflun fyrir önnur svæði sem óbyggðanefnd hefur haft til meðferðar. Fyrir svæði 10C, Barðastrandarsýslur, voru tekin saman 953 skjöl en fyrir svæði 10A, Strandasýslu, voru eingöngu tekin saman 220 skjöl. Fjöldi skjala ræðst ekki síst af umfangi krafna um þjóðlendu innan viðkomandi svæðis, sem aftur hefur áhrif á fjölda jarða og svæða. Teymið sem vinnur að gagnaöfluninni í Þjóðskjalasafni fer í gegnum fjölmörg önnur skjöl sem ekki eru mynduð eða skrifuð upp fyrir óbyggðanefnd og málsaðila hjá nefndinni. Oftast nær er viðkomandi gögnum lýst í skilabréfi. Þegar þau gögn eru meðtalin þá gerði Þjóðskjalasafn grein

fyrir um 5.800 skjölum í gagnaöflun sinni fyrir svæði 10B, Ísafjarðarsýslu. Skrifaðar voru átta sögulegar greinargerðir um jarðirnar og svæðin sem málsmeðferð óbyggðanefndar nær til. Úrskurða óbyggðanefndar um þjóðlendukröfurnar er að vænta á seinni hluta árs 2023.

Framhaldið var vinnu við að skrifa upp og samlesa allar landamerkjabækur sýslumannsembættanna á landinu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Landamerkjabækur eru 26 talsins en frumritin eru rúmlega 5.600 blaðsíður. Áætlað er að vinnu við uppskriftir og samlestur verði lokið vorið 2023.

Annað bindi Yfirréttarins

Undir lok árs 2021 kom út annað bindið af fjölbindaverkinu *Yfirréturinn á Íslandi. Dómar og skjöl* og var því fagnað sérstaklega með athöfn sem forseti Alþingis bauð til þann 30. mars 2022. Af því tilefni fluttu ávörp Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður og forseti Sögufélags, Gísli Baldur Róbertsson og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, ritstjórar og skjalaverðir í Þjóðskjalasafni og Viðar Pálsson dósent í sagnfræði.

Fyrsta bindi ritraðarinnar kom út árið 2011 og í því birtust skjöl frá yfirrétinum 1690–1710. Árið 2019 samþykkti Alþingi að styrkja áframhaldandi útgáfu í tilefni aldarafmælis Hæstaréttar Íslands árið 2020.

Útgáfuverkefnið er til tíu ára og bindin verða alls tíu talsins með öllum tiltækum dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi og aukalögþinga. Það er Sögufélag sem gefur út ritröðina í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands.

Annað bindi verksins *Yfirréturinn á Íslandi* inniheldur dóma og skjöl yfirréttarins frá árunum 1711–1715. Stór hluti skjalanna tengist rannsókn þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á réttarfari á Íslandi. Í bindinu koma fyrir galdramál, meiðyrðamál, rekamál, deilt er um málsmeðferð, krafist embættismissis Páls Vídalíns, Oddur Sigurðsson varalögmaður er ákærður vegna framkomu hans við biskup í eftirlitsferð hans og dregnir eru fram athyglisverðir vitnisburðir um framferði Jóns Vídalíns Skálholtsbiskups á Alþingi árið 1713.

Yfirréturinn var stofnaður á Alþingi á Þingvöllum árið 1563 og starfaði til ársins 1800. Hann var æðsta dómsstig landsins fram að því að Landsyfírréttur var stofnaður í Reykjavík. Skjöl og gögn yfirréttarins eru því hluti af sögu Alþingis hins forna á Þingvöllum. Ákveðið var að gefa út bæði dómanna sjálfa þar sem þeir hafa varðveist og málsskjöl þar sem þeim er til að dreifa. Með því fæst einstök innsýn í samfélagið á þessum tíma, aðstæður, stjórnun, stéttaskiptingu, ágreiningsmál og viðhorf. Verkið varpar einnig mikilvægu ljósi á dóma og dómaframkvæmd á Íslandi.



Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður og forseti Sögufélags, færði Benedikt Bogasyni, forseta Hæstaréttar, Birgi Ármannssyni, forseta Alþingis og Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, fyrstu tvö bindin úr fjölbindaverkinu.

Skil á skjölum til Þýskalands

Þjóðskjalasafn Íslands skilaði skjölum þýska ræðismannsins á Íslandi til Þýskalands í sérstakri athöfn sem fram fór í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 3. október 2022. Skjölin voru upphaflega gerð upptæk þann 10. maí 1940 þegar Ísland var hernumið af Bretum og þegar breskt hernámslið yfirtók bústað þýska ræðismannsins að Túngötu 18 í Reykjavík. Skjölin eru frá tímabilinu 1927–1940 og eru varðveitt í fimm skjalaöskjum. Þau voru afhent Þjóðskjalasafni úr utanríkisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu á árunum 1990–1993 en höfðu komist í vörslu ráðuneytanna eftir síðari heimsstyrjöld. Ótvírætt er að um þýsk skjöl er að ræða og því með réttu eign Þjóðverja. Ef styrjöldin hefði ekki brostið á hefðu þau verið flutt til Þýskalands og varðveitt þar.

Á vegum Alþjóða skjalaráðsins (ICA) er síaukin áhersla á að skoða hvar mikilvæg skjöl eiga að varðveitast til langframa, en stríð, nýlenduástand, sjálfstæði ríkja og fleiri atburðir hafa orðið til þess að mikilvæg skjöl sem tengjast ákveðnum löndum

eru varðveitt á skjalasöfnum annarra landa en þar sem þau eiga heima. Skemmst er að minnast viðræðna Íslendinga allt frá upphafi 20. aldar um skil á mikilvægum skjölum um sögu Íslands fyrri alda og handritum bókmenntanna og þeirri þýðingu sem þau skjalaskil hafa haft fyrir þjóðina. Afhending danskra yfirvalda á miklu magni skjala árið 1928 tengdum sögu og stjórnsýslu Íslands frá miðöldum til aldamótanna 1900, og síðar stjórnarskránni, handritum og fleiri gögnum, hafa haft ómetanlegt gildi fyrir Ísland. Í síðareglum Alþjóða skjalaráðsins (ICA) er kveðið á um að skjalaverðir eigi að beita sér fyrir því að skila skjölum á þeirra réttu varðveislustaði.

Við athöfnina skilaði Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, skjölunum formlega til Þýskalands og tók Prof. Dr. Michael Hollmann, forseti Sambandskjalasafns Þýskalands, við skjölunum. Hrefna og Prof. Dr. Hollmann fluttu ávörp ásamt Nirði Sigurðssyni, aðstoðarþjóðskjalaverði og Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra. Þjóðskjalasafn Íslands hefur myndað öll frumskjölin og birt á vef sínum. Rafræn afrit voru jafnframt afhent til Þýskalands.



Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, afhendir Prof. Dr. Michael Hollmann, forseta Sambandskjalasafns Þýskalands, skjöl þýska ræðismannsins á Íslandi.

Samstarf við Háskóla Íslands um nám í hagnýtri skjalfræði

Hagnýt skjalfræði sem 30 eininga viðbótardiplóma hefur verið kennd frá haustinu 2020 í samstarfi Þjóðskjalasafns og Háskóla Íslands. Helga Jóna Eiríksdóttir skjalavörður í Þjóðskjalasafni og lektor við Háskóla Íslands sér um námsleiðina og er kennslan í hennar höndum ásamt fleira starfsfólki Þjóðskjalasafns. Námsleiðin er kennd við deild heimspeki-, sagnfræði- og fornleifafræði við Háskóla Íslands og er opin öllum sem lokið hafa BA, BS eða B.Ed. prófi og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við skjalavörslu og skjalastjórn, hvort sem er hjá opinberri stofnun, opinberu skjalasafni eða fyrirtæki. Á árinu 2022 sóttu 15 nemendur um námsleiðina og 9 útskrifuðust með diplóma í hagnýtri skjalfræði.

Tilnefning til verðlauna Hagþenkis

Rit Kristjönu Kristinsdóttur skjalavarðar, *Lénið Ísland. Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra á 16. og 17. öld*, sem Þjóðskjalasafn Íslands gaf út í lok árs 2021 var tilnefnt til viðurkenningar Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Ritið er eitt af tíu sem tilnefnd voru. Í umsögn dómnefndar sagði m.a. um rit Kristjönu: „Vandað og ítarlegt verk um stöðu

Íslands sem léns í danska konungsríkinu, byggt á umfangsmikilli rannsókn á frumheimildum.“ Viðurkenningu Hagþenkis fyrir útgáfuárið 2021 hlaut Aðalheiður Guðmundsdóttir fyrir ritin: *Afíur aldanna I-II*.

Norrænir skjaladagar í Stokkhólmi

Norrænir skjaladagar fóru fram í Stokkhólmi í Svíþjóð dagana 1.-2. september 2022, en ráðstefnan er sú stærsta fyrir sérfræðinga í skjalavörslu og skjalastjórn á norrænum vettvangi. Ráðstefnan byggir á langri hefð og hefur verið haldin að jafnaði þriðja hvert ár frá 1935. Þetta er í 26. skipti sem hún fór fram og að þessu sinni bæði staðbundið og í gegnum vefinn. Þema ráðstefnunnar var „Skjalasöfn og samfélagið“. Sérfræðingar Þjóðskjalasafns Íslands tóku þátt í ráðstefnunni, fluttu erindi og stýrðu málstofum.

Norræni skjaladagurinn

Norræni skjaladagurinn er haldinn hátíðlegur á Norðurlöndunum annan laugardag í nóvember ár hvert og bar að þessu sinni upp á 12. nóvember. Tilgangur norræna skjaladagsins er að minna á hlutverk og safnkost skjalasafna. Eins og síðasta ár fór norræni skjaladagurinn eingöngu fram á Facebook-síðu Þjóðskjalasafns og voru þar kynntar fjölbreyttar heimildir úr safnkostinum.


6.

MÍÐLUN

Vefir Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn Íslands rekur nokkra vefi til þess að miðla upplýsingum og safnkosti til viðskiptavina. Aðalvefur safnsins er á léninu skjalasafn.is en safnið rekur þó fleiri vefi sem hver gegnir sínu hlutverki í miðlun safnkostsins, m.a. heimildir.is, einkaskjalasafn.is og landsnefndin.is. Notendur á vefjum safnsins árið 2022 voru ríflega 62.000 talsins. Notendum hefur farið fjölgandi ár frá ári.

Notendur á vefjum Þjóðskjalasafns



Stafræn endurgerð

Árið 2022 voru 255.597 myndir skannaðar og ljósmyndaðar og birtar á vef safnsins. Ætla má að allt að 400.000 blaðsíður af margvíslegu efni hafi verið birt á árinu enda oft um að ræða myndir af opnum bóka fremur en einstökum síðum. Mestu munaði um að sjálfbóðaliðar á vegum Family Search komu aftur til landsins eftir kórónuveirufaraldurinn og hófust handa þar sem frá var horfið við skönnun. Hjónin Gary og Leslie Arnoldson komu til starfa í byrjun maímánaðar og voru til loka september. Lögð var áhersla á að skanna fjölbreytt efni sem tengist persónusögu með einhverjum hætti, svo sem manntöl, dómabækur og prestsþjónustubækur.



Hjónin Gary og Leslie Arnoldson unnu í sjálfbóðavinnu á vegum Family Search við skönnun persónuheimilda.

Unnið var að skönnun myndræns efnis í safninu í tengslum við samstarfsverkefni milli Þjóðskjalasafns og lista- og bókasafna í Tékklandi undir forystu Listasafnsins í Olamusc. Verkefnið er styrkt af uppbyggingarsjóði EES. Skannað var margvíslegt efni, svo sem kort, teikningar og hönnunargögn vegna frímerkja svo dæmi séu tekin. Fulltrúar verkefnisins komu til landsins í heimsókn í septembermánuði en verkefninu mun ljúka á árinu 2023.

Á árinu voru keyptir tveir nýir skannar. Annars vegar teikningaskanni og hins vegar mótunarskanni. Á árinu var unnið að uppsetningu skannanna en þeir munu bæta mjög aðstöðu safnsins til að skanna ólíkar tegundir frumrita og auka afköst. Þá var unnið að endurskráningu eldri skjalasafna til að undirbúa áframhaldandi stafræna endurgerð.

Skráning sóknarmanntala með styrk frá Byggðastofnun

Frá árinu 2011 hefur verið unnið að skráningu sóknarmanntala í samvinnu við Héraðsskjalasafnið á

Ísafirði og hélt sú vinna áfram á árinu. Á árinu fékkst einnig styrkur frá Bygðastofnun til að ráða starfsfólk á Bakkafirði og Raufarhöfn til verksins. Markmiðið með framlögum Bygðastofnunar er annars vegar að koma opinberum gögnum á stafrænt form og hins vegar að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Þjóðskjalasafn Íslands hlaut að þessu sinni hæsta styrk kr. 16.504.000 fyrir árin 2022–2023. Ráðið var í tvær tímabundnar 70% stöður í allt að 18 mánuði við innslátt á sóknarmanntölum. Starfsstöðvar þar tóku til starfa í byrjun september.

Í Þjóðskjalasafni eru varðveitt ríflega 1500 sóknarmanntöl frá um miðri 18. öld til miðrar 20. aldar og hefur verið unnið að innslætti þeirra í leitarbæran gagnagrunn á undanförunum árum. Í sóknarmanntalagrunninn hafa nú verið skráð um 3 milljónir nafna og tæplega 2 milljónir nafna birtar á vefnum <http://salnaregistur.manntal.is/>.

Samstarf um stafræn hugvísindi

Þjóðskjalasafn er aðili að Miðstöð um stafræn hugvísindi og listir (MSHL). Miðstöðin hefur að markmiði að auka samstarf stærstu stofnanna á Íslandi á sviði hugvísinda og lista og í nafni hennar hefur verið sótt um styrki í Innviðasjóð Rannís til að vinna að mikilvægum verkefnum sem munu gagnast stofnununum öllum sem og fræðimönnum og áhugafólki.

Miðstöðin vinnur að fjölbreyttum verkefnum en tvö þeirra tengjast beint Þjóðskjalasafni. Annars vegar gerð sögulegs bæjatala og mannanafnatafs, sem mun nýtast við fjölbreyttar rannsóknir og gerð gagnagrunna og hins vegar að þjálfva stafræna lesvél fyrir handskrift með hugbúnaðinum Transkribus. Bæði verkefni eru á vinnslustigi en lofa góðu og vonir standa til að á næstu misserum verði hægt að opna fyrir aðgang almennings að þeim gögnum sem hafa verið unnin á vegum verkefnanna.

Afhending og skönnun á manntalinu 1952

Þjóðskjalasafn Íslands og Þjóðskrá Íslands undirrituðu 1. mars 2022 samstarfssamning um afhendingu og skönnun á manntalinu 1952. Markmið samningsins var tvíþætt, annars vegar að tryggja varðveislu frumrita manntalsins í Þjóðskjalasafni og gera myndir af því aðgengilegar á vefnum. Hins vegar er markmiðið að safna upplýsingum og skrá verkferla við skráningu, skönnun og miðlun manntalsins. Þær upplýsingar munu nýtast Þjóðskjalasafni við áætlanagerð og vinnslu sambærilegra verkefna, en aukin áhersla er á miðlun heimilda yfir vefinn á vegum safnsins.



Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður og Anna Eyberg Hauksdóttir, fagstjóri gagnastýringar hjá Þjóðskrá Íslands, undirrita samstarfssamning um afhendingu og skönnun á manntalinu 1952.

Manntalið 1952 var tekið í þeim sérstaka tilgangi að búa til spjaldskrá yfir alla landsmenn og var það í raun grunnur að því sem síðar kallaðist þjóðskrá. Sérstök bráðabirgðalög voru sett um manntalið haustið 1952 og var manntalsdagur ákveðinn 16. október sama ár. Manntalsskýrslum var dreift á öll heimili í landinu og var hver húsráðandi skyldugur til að fylla hana út rétt og nákvæmlega. Þeim var svo safnað saman og komið til Hagstofu Íslands. Hagstofan hélt utan um manntalið og spjaldskrána (þjóðskrá) fyrstu árin. Árið 1962 var sérstakri stofnun, Þjóðskrá Íslands, komið á stofn og var hún rekin sem sérstök deild innan Hagstofunnar og var grunnur hennar upplýsingar úr manntalinu 1952. Árið 2006 færðist Þjóðskrá Íslands yfir til dómsmálaráðuneytisins og árið 2010 voru Fasteignamat ríkisins og Þjóðskrá sameinuð undir heiti Þjóðskrár Íslands.

Manntalið 1952 hefur nú verið skráð og skannað og eru afrit af því að finna á vef Þjóðskjalasafns.

Heimild mánaðarins

Heimild mánaðarins er birt á vef safnsins og auglýst á Facebook-síðu þess. Þar er varpað ljósi á einstakar heimildir bæði til gagns og gamans. Gott heimildasafn stuttra greina um fjölbreytt efni sem

varðveitt er í safninu er nú komið á vefinn. Undir lok árs 2022 hafa verið birtar 132 umfjallanir um heimild mánaðarins og eru allar aðgengilegar á vef safnsins.

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns, *Til skjalanna*, hélt áfram

göngu sinni á árinu 2022 en fyrsti þáttur fór í loftið undir lok árs 2020. Alls hafa verið sendir út 17 hlaðvarpsþættir þar sem fjallað er um fjölbreytt efni. Hlaðvarpið er hægt að nálgast á heimildavef Þjóðskjalasafns **Heimildir.is** og á helstu hlaðvarpsveitum undir heitinu: *Til skjalanna*.

Heimild mánaðarins árið 2022		
Mánuður	Höfundur texta	Titill
Janúar	Ólafur Valdimar Ómarsson	„Margir óttast að mennirnir farist í nótt“
Febrúar	Njörður Sigurðsson	Deilt um eignarrétt á einni frægustu fréttaljósmynd Íslandssögunnar
Mars	Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Frásögn Jóns Ólafssonar úr Grunnavík um Hóladómkirkju
Apríl	Margrét Gunnarsdóttir	Seglmastur á þurru landi: hugmyndaflug Sæmundar Magnússonar Hólm
Mái	Gísli Baldur Róbertsson	Veturseta Skúla Magnússonar landfögeta utan við borgarmúra Kaupmannahafnar 1784–1785
Júní	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Óskikkanleg klámyrði á 18. öld
Júlí	Unnar Rafn Ingvarsson	Thor Thors fundar með Roosevelt og Churchill síðla árs 1941
Ágúst	Árni Jóhannsson	Fyrsta stórveldið í íslenskum körfuknattleik
September	Gísli Baldur Róbertsson	Vigfús Magnússon (1721–1770) tollþjónn í Kaupmannahöfn og strandeftirlitsmaður við Mariagerfjörð
Október	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Tilraun til málvöndunar á 18. öld
Nóvember	Kristjana Kristinsdóttir	Húsakostur á Bessastöðum og Viðey
Desember	Njörður Sigurðsson	Í fangabúðum nasista – stjórnvöld gera bók upptæka að kröfu þýska ræðismannsins

Samfélagsmiðlar

Eins og undanfarin ár hefur Þjóðskjalasafn miðlað margvíslegu efni á samfélagsmiðlum. Einkum hefur Facebook reynst safninu notadrjúg leið til að koma upplýsingum á framfæri og miðla fjölbreyttu efni til áhugasamra. Um 3.600 manns fylgdu Þjóðskjalasafni á Facebook undir lok ársins 2022. Á Twitter-reikningi Þjóðskjalasafns er efni og fróðleik einnig miðlað með reglulegum hætti.

Arkir – fréttir af safnkosti

Árið 2020 hóf *Arkir*, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns, göngu sína. Í því eru fluttar fréttir af safnkosti Þjóðskjalasafns, þ.m.t. af nýjum og áhugaverðum skjalasöfnum sem borist hafa til safnsins, miðlun heimilda og útgáfa á frumheimildum. *Arkir* eru sendar áskrifendum í tölvupósti og komu út tíu tölublöð á árinu 2022.



8. tbl. 12. september 2022

[Skoða Arkir í vafra](#)



Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns 15. september 2022

Ráðstefna í tilefni af heildarútgáfu á skjölum
Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771

Í tilefni af því að út er komið sjötta og síðasta bindið af heildarsafni skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771, verður haldin ráðstefna í Þjóðskjalasafni Íslands, Laugavegi 162, fimmtudaginn þann 15. september nk. Dagskráin hefst klukkan 13:30 og er áætlað að henni ljúki um 16:30.

Tölublað Arka frá 12. september 2022

7.

SAMSTARF OPINBERRA SKJALASAFNA

Vorfundur opinberra skjalasafna

Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa með sér ýmiss konar samstarf. Í fjölda ára hafa verið árlegir vorfundir opinberra skjalasafna en þeir féllu þó niður árin 2020 og 2021 vegna kórónuveirufaraldursins. Árið 2022 var vorfundur haldinn 30. maí í Þjóðskjalasafni Íslands. Á fundinum var rætt um ýmis mál sem tengjast starfsemi opinberra skjalasafna, s.s. um aðgang að safnkosti sem inniheldur viðkvæmar upplýsingar, eftirlitskannanir, kynning á diplómanámi í hagnýtri skjalfraði, innviðaverkefni Þjóðskjalasafns, lög um opinber skjalasöfn og nýtt skráningarkerfi sem hefur verið tekið upp í Héraðsskjalasafni Árnesinga. Alls var 41 þátttakandi á fundinum frá Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum.

Samráðshópur um einkaskjalasöfn

Þjóðskjalasafni Íslands er í lögum um opinber skjalasöfn falið að hafa samræmingarhlutverk í varðveislu einkaskjalasafna. Í þeim tilgangi setti þjóðskjalavörður á stofn samráðshóp um einkaskjalasöfn í október 2021. Í samráðshópnum sitja fulltrúar frá Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnum og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Verkefni samráðshópsins eru m.a. að hafa umsjón með og þróa vefinn Einkaskjalasafn.is, halda við og endurnýja reglulega leiðbeinandi aðfangastefnu fyrir Ísland, halda utan um aðfangastefnur vörsluaðila um söfnun einkaskjalasafna sem hafa verið samþykktar og birtar, standa fyrir sameiginlegu söfnunarátaki tiltekinna flokka einkaskjalasafna og hafa samstarf við aðra hagsmunaaðila um verkefni sem snúa að söfnun, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum, s.s. háskólasamfélagið, menningarstofnanir, félagasamtök o.s.frv. Þá á hópurinn að vinna að öðru sem snýr að söfnun, varðveislu, aðgengi og miðlun einkaskjalasafna á Íslandi eins og við á, s.s. verklag og leiðir til að tryggja varðveislu rafrænna einkaskjalasafna.

Breyting varð á skipan fulltrúa í hópnum á árinu 2022 og skipaði þjóðskjalavörður nýja fulltrúa sem munu sitja í hópnum til 31. ágúst 2024. Samráðshópur er þannig skipaður:

Fulltrúar Þjóðskjalasafns Íslands: **Ólafur Arnar Sveinsson**, fagstjóri fræðslu og rannsókna og **Kristjana Vigdís Ingvadóttir**, skjalavörður.

Fulltrúar héraðsskjalasafna: **Dorsteinn Tryggvi Másson**, héraðsskjalavörður Árnesinga og **Sólborg Una Pálsdóttir**, héraðsskjalavörður Skagfirðinga.

Fulltrúi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns: **Bragi Þorgrímur Ólafsson**, fagstjóri handritasafns.

Ólafur Arnar er formaður hópsins.

Á árinu var haldinn einn fundur í samráðshópnum og meðal fundarefna var samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi, aðfangastefna og átak í söfnun einkaskjalasafna.

Heimsóknir á héraðsskjalasöfn

Á árinu 2022 héldu áfram heimsóknir þjóðskjalavardar á héraðsskjalasöfn sem hófust árið 2019. Vegna kórónuveirufaraldursins hefur gengið mun hægar að heimsækja héraðsskjalasöfnin en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Þann 28. október var Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu heimsótt af aðstoðarþjóðskjalaverði fyrir hönd þjóðskjalavardar.

Styrkir til héraðsskjalasafna

Í fjárlögum ársins 2022 var fjárveiting til héraðsskjalasafna kr. 31,5 m.kr. Þar af var rekstrarframlag 15,2 m.kr. og verkefnastyrcur 16,3 m.kr.

Beint rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna deildist þannig niður að helmingur framlagsins skiptist á öll söfnin 20. Hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli þeirra héraðsskjalasafna sem hafa heilt stöðugildi eða meira. Á árinu 2022 voru 17 héraðsskjalasöfn með heilt stöðugildi eða meira.

Rekstrarframlagið er greitt í fjórum greiðslum, í febrúar, maí, ágúst og október.

Frá áramótum 2016 var Þjóðskjalasafni Íslands falið nýtt verkefni, að úthluta til héraðsskjalasafna verkefnisstyrkjum til skönnunar og miðlunar valinna skjalaflokka. Safnið skipulagði verkefnið með því að móta reglur og almenna skilmála um styrkveitingar og útbjó rafrænt umsóknareyðublað. Við veitingu styrkja 2022 höfðu umsóknir um skönnun og

miðlun skjala sem eru frá því fyrir 1942 forgang við úthlutun, og umsóknir sem tvö eða fleiri héraðsskjalasöfn stóðu að.

Alls bárust 33 umsóknir frá 10 héraðsskjalasöfnum og var úthlutað styrkjum til 18 verkefna.

Styrkir til héraðsskjalasafna vegna skönnunar og miðlunar		
Verkefnastyrkur 2022	Verkefni	Upphæð
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	Elstu skjöl Reykjavíkur	1.700.000
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	Manntöl úr Reykjavík	800.000
Héraðsskjalasafn Akraness	Skjöl Ytri-Akraneshrepps	1.300.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Héraðssambandið Skarphéðinn	700.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Skjöl hreppstjóra og hreppa í Árnessýslu	1.200.000
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	Gjörðabækur hreppsnefnda	1.100.000
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	Sveitablöð á Austurlandi	1.000.000
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	Bréfasafn Mosfellshrepps	1.300.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Hreppsækur og gjörðabækur	850.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Sveitablöð	550.000
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	Gögn vegna eldgossins 1973	700.000
Héraðsskjalasafn Vestur-Skaftfellinga og Rangæinga	Kvenfélög og búnaðarfélög	1.000.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Þingeyingaskrá	500.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Skjöl ungmennafélaga	700.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Brunabótavirðingabækur	500.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Gjörðabækur hreppa	1.000.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Húsateikningar	200.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	Hreppsækur úr Ísafjarðarsýslu	1.200.000
Samtals:		16.300.000

8.

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmerki og gilda til ársins 2030. Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Með henni er leitast við að stuðla að friði um heim allan og auknu frelsi. Hér má sjá hvernig Þjóðskjalasafn tengir starfsemi sína við Heimsmarkmiðin fyrir árið 2022.



- Kaupum inn sanngjarnt framleiddar vörur, t.d. kaffi



- Engin matarsóun



- Samgöngusamningar
- Íþróttastyrkir
- Hjólavottun
- Vinnuvernd
- Heilsutengdir fyrirlestrar
- Hjólað í vinnuna



- Markviss starfsþróun
- Starfsmanna- og starfsþróunarsamtöl
- Rannsóknarleyfi
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Framlag Þjóðskjalasafns til háskólamenntunar
- Áhersla á hæft og vel menntað starfsfólk



- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisstefna



- Fylgst með vatnsnotkun



- Fylgst er með rafmagnsnotkun



- Bætt aðgengi að safnkostinum og skilvirk þjónusta til viðskiptavina
- Áhersla á góðan rekstur innan fjárheimilda
- Starfsánægja er mæld
- Fjöldi starfsfólks aukist



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Nýsköpun innan fageininga
- Virk sókn í nýsköpunarsjóð námsmanna og aðra sjóði
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Samstarf við háskóla í kennslu
- Áhersla á nýsköpun í stefnumótun



- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun
- Persónuvernd og söfnun upplýsinga



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Ráðgjöf á starfssviðum Þjóðskjalasafns
- Samgöngusamningar við starfsfólk
- Loftslags- og umhverfisstefna
- Réttindi borgaranna og hagur stjórnsýslunnar



- Vistvæn innkaup
- Grænt bókhald
- Loftslagsmarkmið



- Umhverfisvænar lausnir
- Loftslagsmarkmið
- Kolefnisjöfnun



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Loftslags- og umhverfisstefna



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Umhverfisstefna
- Samgöngustefna
- Loftslags- og umhverfisstefna



- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Reglur um heilsu- og öryggismál
- Reglur um persónuvernd



- Stefnumótunarvinna ásamt sjö öðrum menningarstofnunum

VIÐAUKI 1.

Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2023-2025

Kjarnastarfsemi			
Markmið 1: Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskylda aðila			
Mælikvarðar	HM	Gögn lögð til grundvallar	
1.	Innkomin frágengin pappírsskjalasöfn, árlega	8	Upplýsingar úr afhendingarskrá (hillumetrar (hm))
2.	Innkomin rafræn gagnasöfn, árlega	9	Upplýsingar úr afhendingarskrá (gígabæt (Gb))
3.	Fjöldi eftirlitsheimsóknna, ráðgjafarsamtala og funda/ fjöldi þátttakenda á námskeiðum	11	Málaskrá og önnur skráningarkerfi stofnunar
Markmið 2: Bætt aðgengi að safnkostinum og aukin þjónusta			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar		
1.	Rafræn skjalaskrá, árlega	8	Fjöldi færslna
2.	Fjöldi hillumetra á ári í bættum umbúðum með forvörslu eða endurpökkun	9	Mæling úr geymsluskrá, skýrslur forvarða og skráningarskýrslur
3.	Fjöldi afgreiddra skjalaeininga / fjöldi svaraðra skriflegra fyrirspurna	11	Pantanakerfi, fyrirspurnarkerfi
Markmið 3: Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar		
1.	Fjöldi skannaðra (sk) og birtra mynda (bi)	8	Talningar safnsins á skönnuðum / birtum myndum
2.	Fjöldi rita og blaðsíðna	9	Útgefin rit / bls.fjöldi
3.	Notkun vefja og gagnasafna	11	Mælingar á árlegri notkun vefja notendur / innlit / flettingar
Rekstrarþættir			
Markmið 1: Efling mannauðs og starfsánægju			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar		
1.	Niðurstöður úr árlegri Sameyki könnun	Sameyki könnun meðalstórra stofnana	
2.	Jafnlaunavottun	Hlutfall launa kvenna miðað við laun karla, að teknu tilliti til frávika	
3.	Staða verkefnis	Mannauðsstefna, aðgerðaráætlun, starfsmannahandbók / starfspróunaráætlun	
Markmið 2: Efling markmiðasetningar og skilvirkra starfsþátta			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar		
1.	Innleiðing verkbókhalds	Hlutfall starfsmanna sem skrá verkbókhald	
2.	Áhættumat/Öryggisviðmið, Græn skref, staða verkefnis	Verkáætlun	
3.	Skráning verkferla, handbók	Hlutfall skráðra verkferla	
Markmið 3: Efling upplýsingatækni og árangursmælinga			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar		
1.	Staða verkefnis – mælingar	Verkáætlun	
2.	Nýr aðalvefur og Heimildir.is	Verkáætlun	
3.	Staða verkefnis - verkbeiðnakerfi	Verkáætlun	

Tengist markmiði málaflokks: 18.1 Safnamál; markmið nr. 2: „Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.“

Staða 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
12.429 hm.	2.500 hm.	2.500 hm.
573 Gb.	1.000 Gb.	1.500 Gb.
200 / 986	200 / 900	20 / 900

Staða 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
1.258.000	1.500.000	1.800.000
100 hm.	4.000 hm.	100 hm.
4.351/2.056	4.600/2.300	5.000/2.600

Staða 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
20.000 (sk) / 20.000 (bi)	100.000 (sk) / 100.000 (bi)	200.000 (sk) / 200.000 (bi)
5 rit /1.520 bls.	3 rit /1.500 bls.	3 rit /1.500 bls.
61.630 not. / 169.591 innl. / 374.193 flet.	62.000 not. / 174.000 innl. / 380.000 flet.	63.000 not. / 178.000 innl. / 386.000 flet.

Staða 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
Einkunn: 4,09	Einkunn: 4,3	Einkunn: 4,4
100%	100% viðhalda vottun	100% viðhalda vottun
50% - 0	75% - 50%	100% - 100%

Staða 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
70%	90%	100%
80%	90%	100%
25%	70%	100%

Staða 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
50%	70%	100%
50%	100%	
0%	100%	

VIÐAUKI 2.

Starfsmenn Þjóðskjalasafns 1. desember 2022

Árni Jóhannsson	Skjalavörður
Benedikt Eypórsson	Fagstjóri upplýsingaþjónustu
Bjarni Þórðarson	Húsnæðisstjóri
Edvard Kristinn Guðjónsson	Starfsmaður við skjalafrágang
Fanney Sigurgeirsdóttir	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu
Gísli Baldur Róbertsson	Skjalavörður
Guðbjörg Jóhannsdóttir	Fagstjóri gagnaskila og eftirlits
Gunnar Örn Hannesson	Fagstjóri skráninga
Hans Hreinsson	Skjalavörður
Heiðar Lind Hansson	Skjalavörður
Helga Hlín Bjarnadóttir	Skjalavörður
Helga Jóna Eiríksdóttir	Skjalavörður og lektor í skjalfræði
Helga Lilja Bergmann	Skjalavörður
Hrafnkell Freyr Lárusson	Skjalavörður
Hrefna Róbertsdóttir	Þjóðskjalavörður
Indriði Svavar Sigurðsson	Skjalavörður
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri heimildaútgáfu
Jón Torfi Arason	Skjalavörður
Karen Hrönn Eyvindsdóttir	Starfsmaður í afritun
Karen Þóra Sigurkarlsdóttir	Fagstjóri varðveislu
Kristinn Valdimarsson	Skjalavörður
Kristin Sigríður Gunnarsdóttir	Starfsmaður í afritun
Kristjana Kristinsdóttir	Skjalavörður
Logi Sigmundsson	Starfsmaður skjalasafna
Njörður Sigurðsson	Aðstoðarþjóðskjalavörður
Olga Dagmar Erlendsdóttir	Skjalavörður
Ólafur Arnar Sveinsson	Fagstjóri fræðslu og rannsókna
Ólafur Valdimar Ómarsson	Skjalavörður
Ragnhildur Anna Kjartansdóttir	Skjalavörður
Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Skjalavörður
Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir	Skjala- og upplýsingastjóri
Tómas Helgi Svavarsson	Skjalavörður
Unnar Rafn Ingvarsson	Fagstjóri stafrænnar endurgerðar
Yngvi Leifsson	Skjalavörður
Þórunn Þorsteinsdóttir	Skjalavörður
Þuríður Árnadóttir	Framkvæmdastjóri rekstrar

Í leyfi

Anna Elínborg Gunnarsdóttir	Framkvæmdastjóri rekstrar
Kristjana Vigdís Ingvadóttir	Skjalavörður
Margrét Gunnarsdóttir	Skjalavörður

VIÐAUKI 3.

Afhendingar 2022

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
1	Magnús Björnsson (1885-1947) náttúrufræðingur	Einar Gunnlaugsson	0,08		1931	1981
2	Sportvöruhús Reykjavíkur	Einar Gunnlaugsson	0,08		1909	1968
3	Atvinnudeild Háskólans - landbúnaðardeild	Landbúnaðarháskóli Íslands	1,44		1931	1968
4	Nefnd vegna endurskoðunar laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna	Héraðsskjalasafn Kópavogs	0,04		1974	1977
5	Magnús Guðjónsson (1926-2010) prestur	Héraðsskjalasafn Kópavogs	0,05		1971	2003
6	Sigurður Eggerz (1875-1945) alþingismaður og sýslumaður	Oddur Hermannsson	0,01		1940	2015
7	Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu	Sýslumaðurinn á Norðurlandi Vestra	30		1923	2020
8	Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	17,52		1960	1998
9	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Utánríkisráðuneyti	20		1977	2019
10	Garðaprestakall	Garðaprestakall	0,05		1976	2000
11	Sjálfsbjargarheimilið	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	0,4			
12	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Matvælaráðuneytið	43		1979	2013
13	Iðnaðarráðuneytið	Matvælaráðuneytið	25		1974	2013
14	Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Matvælaráðuneytið	38		1950	2013
15	Viðskiptaráðuneytið	Matvælaráðuneytið	9		2000	2012
16	Hermann Bæringsson (1908-1988) yfirvélstjóri	Guðrún Ingadóttir	0,01		1944	1960
17	Magnús Magnússon (1909-1999) skipasmiður	Borgarsögusafn Reykjavíkur	0,4		1940	1970
18	Útlendingaeftirlitið	Útlendingastofnun	9		1965	1986
19	St. Jósefsspítali Landakoti	Þjóðminjasafn Íslands	0,05		1989	2021
20	Lárus H. Blöndal (1905-1999) bókavörður	Halldór Blöndal	2,08			
21	Guðmundur Gunnar Einarsson (1931-2016) málaramestari og Margrét Ámundadóttir (1933-2018)	Nanna María Guðmundsdóttir	0,04		1918	2001
22	Guðrún Vilborg Jónsdóttir (1902-1975)	Guðrún Ásta Einarsdóttir	0,01		1945	1945
23	Fiskmat ríkisins	Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands	0,01		1946	1970
24	Leifur Bárðarson (1948) læknir	Leifur Bárðarson	0,16		1988	1994
25	Hagstofa Íslands	Þjóðskrá Íslands	4		1952	1952

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
26	Embætti landlæknis	Embætti Landlæknis		0,01	1999	2014
27	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	60		1920	2021
28	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	Landbúnaðarháskóli Íslands	13,44		1919	2006
29	Skatturinn	Skatturinn		5,09	2010	2010
30	Skatturinn	Skatturinn		4,92	2011	2011
31	Skatturinn	Skatturinn		0,61	1986	2005
32	Skatturinn	Skatturinn		0,06	2006	2010
33	Ríkiskaup	Ríkiskaup	189		1949	2020
34	Steinn Steinsen (1891-1981) byggingarverkfræðingur	Snorri Gunnarsson	0,75			
35	Jónas Ráðgarð Jónasson (1911-2008) fulltrúi hjá Landsímanum	Fanney Jónasdóttir	0,01		1960	1983
36	Rannsóknarnefnd sjóslysa	Rannsóknarnefnd sjóslysa	6,28		1999	2012
37	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA)	Fjársýsla ríkisins	8,32		1977	2014
38	Hafnarfjarðarprestakall	Gunnþór Þ. Ingason	0,16		2000	2009
39	Barðastrandarhreppur	Vesturbyggð	0,24		1909	1988
40	Bíldudalshreppur	Vesturbyggð	0,16		1987	1989
41	Héraðsnefnd Barðstrendinga	Vesturbyggð	0,08		1984	1989
42	Ketildalahreppur	Vesturbyggð	0,32		1918	1986
43	Patrekshreppur	Vesturbyggð	5,12		1890	1989
44	Rauðasandshreppur	Vesturbyggð	1,5		1760	1989
45	Suðurfjarðahreppur	Vesturbyggð	3		1816	1992
46	Grétar Guðmundsson (1944-2020) taugalæknir	Óþekktur	0,4			
47	Hjúkrunarheimilið Hraunbúðir	Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	1,12		1975	2021
48	Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra - Fjársýsla ríkisins	Fjársýsla ríkisins	21		1987	2011
49	Íþróttafélag Keflavíkurflugvallar	Ungmennafélag Njarðvíkur	0,03		1951	1980
50	Geir Gígja (1898-1981) náttúrufræðingur	Landbúnaðarháskóli Íslands	0,4		1922	1979
51	Ólafur Aðalsteinn Jónsson (1932-2006) tollvörður	Þrymur Sveinsson	0,02		2005	2005
52	Sveinn Guðmundsson (1923-2005) kennari og bóndi	Þrymur Sveinsson	0,02		1942	1953
53	Þórhallur Björgvin Ólafsson (1926-2015) læknir	Þrymur Sveinsson	0,5			

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
54	Landmælingar Íslands	Landmælingar Íslands		37,23	2016	2020
55	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun		490,27	2015	2019
56	Arna Rún Oddsdóttir (1987) sálfræðingur	Arna Rún Oddsdóttir	0,1		2019	2020
57	Indriði Gíslason (1926-2009) kennari	Dagný Indriðadóttir	1		1946	2007
58	Gjaldprot/protabú	JH lögmannsstofa	0,60		2015	2021
59	Gjaldprot/protabú	Inceptum lögmannsstofa	10		2014	2020
60	Skafti Ingimarsson (1971) sagnfræðingur	Skafti Ingimarsson	0,4		2005	2022
61	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	10		2011	2019
62	Eggert Thorberg Kjartansson (1931-2022) múrari og Hólmfríður Gísladóttir (1931) formaður Ættfræðifélagsins	Kjartan Eggertsson	15,22		1821	2020
63	Bárður Ísleifsson (1905-2000) yfirarkitekt	Leifur Bárðarson	0,5		1914	1943
64	Varnarliðið á Íslandi	Landhelgisgæsla Íslands	0,32		1952	2008
65	Anna Guðmundsdóttir (1902-1985) leikkona	Þórður Sverrisson	0,5		1960	1985
66	Hermína Jónsdóttir (1897-1994)	Þórður Jónsson	0,12			
67	Ásgeir Jónsson (1901-1975) járnsmiður og Sigurður Jónsson (1917-1997) prentari	Ólafur Kristinn Sigurðsson	0,05		1961	1962
68	Guðni Þórðarson (1939-2020) byggingatæknifræðingur	Sunna Guðnadóttir	2			
69	Sveitarfélagið Vogar	Sveitarfélagið Vogar	2,16		1913	1998
70	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Lögreglustjórinn á Suðurlandi		15,2	2015	2019
71	Menntamálastofnun	Menntamálastofnun		187,61	2015	2020
72	Landbúnaðarráðuneytið	Matvælaráðuneytið	3		1905	2000
73	Læknahúsið ehf	Læknahúsið ehf	9,5		1983	2021
74	Gjaldprot/protabú	Lex lögmannsstofa	120		1995	2022
75	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið	20		1910	2011
76	Stúdentsárgangur Menntaskólans í Reykjavík 1969	Tryggvi Pálsson			1954	1969
77	Barði Friðriksson (1922-2014) hæstaréttarlögmaður	Margrét Barðadóttir	0,2		1941	2003
78	Sigríður Guðjónsdóttir (1933-2021) húsmóðir	Bolli Gunnarsson	0,07		1979	1999
79	Landssamband eldri borgara	Landssamband eldri borgara	2,4		1984	2020
80	Aðal-tannsmíðastofan ehf.	Íris Bryndís Guðnadóttir	1,92			
81	Kreditkort sf.	Gunnar Már Gunnarsson	0,5			

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
82	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	9,84		1997	2019
83	Einkaleyfastofan	Hugverkastofan	83,44		1922	2013
84	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Matvælaráðuneytið	15,36		1992	2019
85	Sýslumaðurinn í Árnassýslu	Þorleifur Pálsson	0,08		1973	1985
86	Ungmennafélag Íslands	Ungmennafélag Íslands	50			
87	Starfsmannafélag ríkisstofnana - SFR	Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu	16,6		1914	2021
88	Ingimundur Ásgeirsson (1912-1985) bóndi	Björk Ingimundardóttir	0,2		1970	1985
89	Teiknistofa Gunnars og Gauta	Guðlaugur Gauti Jónsson	0,85		1978	1992
90	Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu og bæjarfógetinn í Keflavík, Grindavík og Njarðvík	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	54,16		1976	2009
91	Ríkislögreglustjóri	Ríkislögreglustjóri (RLS)		1361,92	2006	2019
92	Gunnar Kári Alexander Njálsson (1968)	Gunnar Kári Alexander Njálsson	0,01		2016	2016
93	Þorsteinn Svörfuður Stefánsson (1937-2023) yfirlæknir	Árni Þorsteinsson	0,4			
94	Stefanía Ólöf Magnúsdóttir (1917-2014)	Gunnlaug Kristín Gunnarsdóttir	0,05		1916	2009
95	Ólafur Gíslason (1913-1994) rafmagnstæknifræðingur	Jónas Rafnar Jónasson	0,03			
96	Sveinn M. Sveinsson (1891-1951) forstjóri og Soffía E. Haraldsdóttir (1902-1962) varaforseti Sálarrannsóknafélags Íslands	Trausti Bragason	0,03			
97	Sesselius Sæmundsson (1885-1972) hafnarverkamaður	Rakel Garðarsdóttir	0,02			
98	Óþekkt	J.	0,01			
99	Þórarinn Jónas Þór (1921-1993) prófastur og kennari	Vilhelmína Þór	0,5		1889	1985
100	Sara Hrund Jennýjardóttir (1980) sagnfræðingur, kennari og drusla	Sara Hrund Jennýjardóttir	0,6		1987	2022
101	Jónas A. Sigurðsson (1865-1933) búfræðingur og prestur	Þorsteinn Veturliðason	0,45		1900	1932
102	Brynjólfur Bjarnason (1845-1933) bóndi og skipasmiður í Engey	Þorsteinn Veturliðason	0,26		1906	1932
103	Halldór Guðmundsson (1874-1924) raffræðingur	Marta Guðrún Halldórsdóttir og Hjördís Inga Ólafsdóttir	0,2		1904	1923
104	Hólavellir í Gerðahreppi	Luiza Klaudia Lárusdóttir	0,01		1942	1962
105	Árneshreppur	Haukur Jóhannesson	0,01		1921	1925
106	Kaupfélag Strandamanna	Haukur Jóhannesson	2		1906	1940
107	Sóknarnefnd Árnassóknar	Haukur Jóhannesson	0,5		1900	1995
108	Sveinn Indriðason (1927) framkvæmdastjóri	Guðrún Ólafsdóttir	2		1930	1995

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
109	Sigrún Kristbjörg Árnadóttir (1931-2020) húsmóðir og bókari	Guðrún Ólafsdóttir	1,4		1942	2011
110	Landhelgisgæsla Íslands	Landhelgisgæsla Íslands	5		1930	2000
111	Spilliefnanefnd	Úrvinnslusjóður	8		1996	2002
112	Bernharður Guðmundsson (1881-1969) bóndi á Kirkjubóli í Valbjófsdal	Helga Hjörvar/Margrét P. Guðmundsdóttir	0,08		1887	2022
113	Marius Blomsterberg (1927-2013) kjötiðnaðarmaður	Birgir B. Blomsterberg	1,8			
114	Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	29		1986	2022
115	Hannes Pétursson (1947-2021) geðlæknir	Hallbera Stella Leifsdóttir	2		1980	2008
116	Gjaldprot / Protabú	Bonafide lögmenn	0,24		2018	2022
117	Landhelgisgæsla Íslands	Landhelgisgæsla Íslands	38,24		1920	2018
118	Ögurþing / Súðavík - prestakall	Hjörleifur Stefánsson	0,05		1820	1948
119	Mjólkurfræðingafélag Íslands	Mjólkurfræðingafélag Íslands	2			
120	Leifur Auðunsson (1907-1978) bóndi	Kjartan Oddur Jóhannsson	0,01		1931	1944
121	Félagsdómur	Félagsmálaráðuneyti	13,12		1938	2019
122	Vinir Vatnajökuls	Kristbjörg Hjaltadóttir	0,4		2008	2021
123	Landgæðsla ríkisins	Landgræðslan	4,4		1955	1992
124	Sandgræðsla Íslands	Landgræðslan	1		1908	2003
125	Trésmiðaverkstæði Magnúsar og Þóris (síðar Þóris)	Ingibjörg Þórisdóttir	1,5		1950	2002
126	Steinn Ágúst Jónsson (1879-1969) verslunarmaður í Flatey	Einar Helgi Steinsson	0,7		1910	1960
127	Fiskistofa	Fiskistofa	36,24		1885	2021
128	Sigurjón Stefánsson (1920-2005) skipstjóri	Stefanía V. Sigurjónsdóttir	0,03		1957	1992
129	Fatasöfnun Rauða krossins	Sigrún Jóhannsdóttir	2		2007	2022
130	Landsími Íslands	Sigmundur Stefánsson	0,03		1930	1930
131	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Borgarholtsskóli	0,05		2015	2015
132	Hljóðbókasafn Íslands	Hljóðbókasafn Íslands	1,5		1976	2018
133	Guðrún Teitsdóttir (1889-1978) ljósmóðir og Guðrún Anna Guðmunda Árnadóttir (1921-2017) húsmóðir	Ásdís Þórbjarnardóttir og Guðrún Þórbjarnardóttir	0,01		1914	1985
134	Kristján Axel Jón Helgason (1896-1971) útgerðarmaður og Jóhanna Helga Lárusdóttir (1908-1980)	Brynja Hrönn Axelsdóttir	0,01		1930	1930
135	Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta	Guðmundur Rúnar Svansson	0,05		1984	1993

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
136	Þorsteinn Jónsson (1893-1922) frá Alviðru	Guðjón Þór Ragnarsson	0,02		1916	1916
137	Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa	Neytendastofa	5		2001	2019
138	Löggildingarstofa	Neytendastofa	2		1917	2005
139	Samkeppnisstofnun	Neytendastofa	1		1990	2005
140	Verðlagsstofnun	Neytendastofa	0,1		1981	1992
141	Kvikmyndaskoðun Íslands	Kvikmyndasafn Íslands	2		1984	1996
142	Kátt fólk - danskúbbur	Helgi Hannesson og Hjörtur Árnason	2		1949	2022
143	VBS eignasafn hf.	Jónatansson & co. Lögfræðistofa	7		1996	2022
144	Sparisjóður Þingeyrarhrepps	Landsbanki Íslands	1		1896	2001
145	Sparisjóður Mýrhræppinga	Landsbanki Íslands	0,8		1938	1997
146	Sparisjóður Vestur Barðastrandarsýslu	Landsbanki Íslands	0,32		1892	1928
147	Sigurður Guðmundsson (1918-1992) slökkviliðs- og sjómaður og Jóhanna Sigurjónsdóttir (1915-1989) verslunarkona	Guðrún Þórbjarnardóttir	0,1		1917	1969
148	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	11,5		1952	2007
149	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	0,24		1974	2016
150	Heilsugæslustöðin Hveragerði	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	0,56		1989	2004
151	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1,5		1904	2005
152	Heilsugæslustöðin Laugarási	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	3		1931	2004
153	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1		1980	2004
154	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	0,4		1983	2004
155	Heilsugæslustöðin Vík	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	0,56		1932	2004
156	Félag atvinnurekenda	Félag atvinnurekenda	28		1928	2006
157	Kennarasamband Íslands	Kennarasamband Íslands	45		1938	2020
158	Kolbrún Sævarsdóttir (1964-2020) héraðsdómari	Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir	0,4			
159	Sparisjóður Rauðasandshrepps	Landsbanki Íslands	0,16		1929	1988
160	Sparisjóður Öndarfjarðar	Landsbanki Íslands	0,16		1916	1999
161	Jón Hjaltalín Sveinbjörnsson (1876-1953) konungsritari	Benedikte Sveinbjörnsson Plaugmann	0,01		1930	1952
162	Mannfræðistofnun Háskóla Íslands	Háskóli Íslands	8,32		1960	2008

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
163	Öldrunarheimilið Hlíð	Heilsuvernd Hjúkrunarheimili	7		1997	2021
164	Teikningastofan Kvarði	Gísli G. Gunnarsson	2			
165	Ólafur Þorgrímsson (1902-1989) hæstaréttarlögmaður	Kjartan Reynir Ólafsson	0,3		1942	1980
166	Sparisjóður Súðavíkur	Landsbanki Íslands	0,64		1972	2002
167	Guðmundur Reynir Óskar Jóhannsson (1939-2013) endurskoðandi	Sigbjörn Jón Bjarni Jóhannsson	0,1		1995	2012
168	Gjaldprot/Protabú	ARTA Lögmenn	0,69		1990	2021
169	Landgræðslan	Landgræðslan		44,8	2015	2019
170	Landmælingar Íslands	Landmælingar Íslands		50,1	2011	2015
171	Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins	Bændasamtök Íslands	30			
172	Bragi Hf. og Dagbók um landanir íslenskra fiskiskipa í Bretlandi	Magnús Sigurðsson, blaðamaður og lögmaður	0,08		1938	1977
173	Sigurður Magnús Jónsson (1957-2010) viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri	Jón Þorsteinn Sigurðsson	4		1888	2000
Samtals hillumetrar af pappírgögnum			1.266,29 hm.			
Samtals gígabæt af rafrænum gögnum			2.197,82 Gb.			

VIÐAUKI 4.

Útgefin rit, erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns

Útgefnar bækur

Landsnefndin fyrri 1770–1771 VI. *Vinnugögn nefndarinnar*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands, Ríkisskjalasafn Danmerkur og Sögufélag. Reykjavík, 2022.

Erindi og greinar

Árni Jóhannsson og Helga Jóna Eiríksdóttir

„Organized surveillance in the public sector.“ Erindi á Nordiska Arkivdagarna í Stokkhólmi 1.–2. september 2022.

Benedikt Eyþórsson

„Ástandið í Þjóðskjalasafni Íslands.“ Erindi á Söguþingi 21. maí 2022.

„Einstaklegir hagsmunir. Aðgangur að gögnum á grundvelli 30. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.“ Erindi á vöráðsstefnu Þjóðskjalasafns Íslands 31. maí 2022.

Gunnar Örn Hannesson

„Hagsögusafn í tíma og rúmi.“ Erindi á Söguþingi 20. maí 2022.

Helga Hlín Bjarnadóttir

„Rannsókn á einkaskjalasafni Arnfríðar Þorkelsdóttur (1830–1885) lausakonu í Reykjavík.“ Erindi á Söguþingi 20. maí 2022.

Hrafnkell Freyr Lárússon

„Democratic rights and Icelandic parliamentary elections in late 19th Century.“ Erindi á Nordiska Arkivdagarna í Stokkhólmi 1.–2. september 2022.

Hrefna Róbertsdóttir

„National archives of Iceland – renewal of access.“ Erindi á CISA Paris – National Heritage Institute 17. maí 2022

„Ritfregn: Erling Isholm. Fiskivinnan sum broytingaramboð hjá amtmanninum. Fróðskapur. Tórshavn 2020.“ *Saga* LX:1 (2022), bls. 255–256.

„Góð saga: bókaumfjöllun. Sheilagh Ogilvie, The European Guilds. An Economic Analysis Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2019.“ *Saga* LX:2 (2022), bls. 33–36.

Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

„Skjöl Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og útgáfa þeirra.“ Erindi á málþingi Félags um átjándu aldar fræði 8. október 2022.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

„Er það rétt að Danir hafi selt Íslendingum „maðkað mjöl“?“ *Vísindavefurinn*, 3. mars 2022. <http://visindavefur.is/svar.php?id=83339>.

„Hrossakaup og önnur viðskipti Landsnefndarinnar fyrri á Íslandi 1770–1771.“ Erindi á Söguþingi 21. maí 2022.

„Raunir ritstjórans.“ Erindi á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns 15. september 2022.

„Dálítil innsýn í akuryrkju og jarðrækt í skjölum Landsnefndarinnar fyrri.“ Erindi á málþingi Félags um átjándu aldar fræði 8. október 2022.

Ritdómur: „Galdur og guðlast á 17. öld. Dómar og bréf. Ritstj. Már Jónsson.“ *Saga LX:1* (2022), bls. 228–230.

Njörður Sigurðsson

„Samþykkt Haag-samningsins á Íslandi.“ Erindi á málþingi Bláa skjaldarins á Íslandi *Vemd menningarverðmæta: sameiginleg ábyrgð* 5. maí 2022.

„Danska sendingin 1928, aðdragandi og eftirmálar.“ Erindi á Söguþingi 20. maí 2022.

„The Danish Delivery of 1928.“ Erindi á vefmálstofunni Nordic Expert Seminar on Shared Archival Heritage in the Nordic 27. júní 2022.

„The concept of shared archival heritage and the work of ICA’s Expert Group on Shared Archival Heritage – EGSAH.“ Erindi á vefmálstofunni Nordic Expert Seminar on Shared Archival Heritage in the Nordic 27. júní 2022.

„Shared Archival Heritage in the Nordic.“ Erindi á Nordiska Arkivdagarna í Stokkhólmi 1.–2. september 2022.

„Preservation of public information and GDPR in Iceland.“ Erindi á Nordiska Arkivdagarna í Stokkhólmi 1.–2. september 2022.

„Shared Archival Heritage: Experience from the International Council on Archives.“ Erindi á Arctic Circle Assembly í Reykjavík 15. október 2022.

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

„Stöðumunur einstaklinga gagnvart Yfirréttinum.“ Erindi á Söguþingi 21. maí 2022.

Ritdómur: „Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, Bærinn brennur. Síðasta aftakan á Íslandi.“ *Saga LX:2* (2022), bls. 209–213.

Unnar Ingvarsson

„New ways to disseminate archival data.“ Erindi á veffundum starfsfólks í miðlun í norrænu ríkisskjalasöfnunum 14. mars 2022.

„Hernámið í Þjóðskjalasafni Íslands.“ Erindi á Söguþingi 21. maí 2022.

„Geo Tagging in Archives.“ Erindi á Nordiska Arkivdagarna í Stokkhólmi 1.–2. september 2022.

„Hvers virði er ein Byggðasaga.“ Erindi á ráðstefnu á Hólum í Hjaltadal 30. september 2022.

„Transkribus og sögulegt bæjatal.“ Erindi á veffundum fyrir héraðsskjalaverði um verkefni á vegum Miðstöðvar um stafræn hugvísindi og listir. 7. október 2022.

„The National Archives of Iceland – Maps and drawings.“ Erindi fyrir samstarfsaðila í Tékklandi varðandi myndræn gögn í Þjóðskjalasafni 12. október 2022.

„Notkun ættfræðigagna á vefjum Þjóðskjalasafns Íslands.“ Erindi á fundi Ættfræðifélags Íslands 27. október 2022.

„Hjálpartæki skjalavardanna. Sögulegt bæjatal og transkribus.“ Erindi á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni 3. nóvember 2022.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS